

Bryndís Zoëga  
Guðmundur St. Sigurðarson  
Guðný Zoëga

# Fornleifaskráning Húnavatnshrepps

## Hvammur – Hof – Saurbær - Brúsastaðir



Byggðasafn Skagfirðinga  
Rannsóknaskýrslur  
2009/99

Forsíðumynd: Varða í Saurbæjarlandi



© Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga  
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki  
2009/99

# Efnisyfirlit

|                                                                               |           |
|-------------------------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>Efnisyfirlit</b> .....                                                     | <b>1</b>  |
| <b>Inngangur</b> .....                                                        | <b>2</b>  |
| Tilgangur fornleifaskráninga .....                                            | 3         |
| Aðferð við skráningu .....                                                    | 4         |
| Helstu minjaflokkar .....                                                     | 4         |
| <b>Hvammur – söguágríp</b> .....                                              | <b>8</b>  |
| Fornleifaskráning – kort og yfirlitsmyndir er að finna aftast í skýrslu ..... | 11        |
| <b>Hof – söguágríp</b> .....                                                  | <b>28</b> |
| Fornleifaskráning – kort og yfirlitsmyndir er að finna aftast í skýrslu ..... | 32        |
| <b>Saurbær – söguágríp</b> .....                                              | <b>47</b> |
| Fornleifaskráning – kort og yfirlitsmyndir er að finna aftast í skýrslu ..... | 49        |
| <b>Brúsastaðir – söguágríp</b> .....                                          | <b>59</b> |
| Fornleifaskráning – kort og yfirlitsmyndir er að finna aftast í skýrslu ..... | 62        |
| <b>Samantekt</b> .....                                                        | <b>72</b> |
| Fornleifar í landi Hvamms .....                                               | 72        |
| Fornleifar í landi Hofs .....                                                 | 73        |
| Fornleifar í landi Saurbæjar .....                                            | 74        |
| Fornleifar í landi Brúsastaða .....                                           | 74        |
| <b>Niðurlag</b> .....                                                         | <b>76</b> |
| <b>Heimildaskrá</b> .....                                                     | <b>77</b> |

## Inngangur

Sumarið 2009 fór fram skráning fornleifa á 11 jörðum í Húnavatnshreppi vegna aðalskipulags. Skráningin var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fyrir sveitarfélagið. Jarðirnar sem skráðar voru í sumar voru Bólstaðarhlíð, Botnastaðir, Stóri-Dalur, Reykir, Auðkúla, Stóra-Giljá, Sveinsstaðir, Hvammur, Hof, Saurbær og Brúsastaðir. Efni þessarar skýrslu eru fjórar síðastnefndu jarðirnar en þær eru allar í Vatnsdal.

Um var að ræða heildarskráningu þar sem skráðar eru allar fornleifar sem tengjast hverri jörð og nýtingu hennar; bæjarstæði og aðrar minjar í heimatúni, auk stekkja, beitarhúsa, selja og hjáleigna ef einhverjar eru. Á þann hátt má öðlast yfirsýn yfir minjar sem heyrt hafa saman í tíma og rúmi þótt alltaf megi búast við því að töluverður fjöldi minja sé horfinn af náttúru eða mannavöldum.

Samkvæmt samningi Húnavatnshrepps og Byggðasafns Skagfirðinga miðast skráning jarða við jarðabók Johnsens frá 1847 og eru þær jarðir sem þar koma fyrir sem sjálfstæðar jarðir skráðar sem slíkar. Því voru Kötlustaðir sem áður var sjálfstæð jörð en tilheyrir nú Hofi ekki skráðir en hjáleigan Gróustaðir fylgir hinsvegar með í skýrslunni.

Vettvangsvinna fór fram á sumarmánuðum 2009 og var hún unnin af Bryndísi Zoëga landfræðingi og Guðmundi S. Stefánssyni fornleifafræðingi. Heimildavinna var unnið af Berglindi Þorsteinsdóttur fornleifafræðingi.

Heimildamenn okkar fá bestu þakkir fyrir veitta aðstoð. Þeir eru eftirfarandi:

Gróa Margrét Lárusdóttir (Uppalin á Brúsastöðum f. 1958) og Sigurður Ólafsson bændur Brúsastöðum.

Sigrún Grímsdóttir ábúandi í Saurbæ (Uppalin í Saurbæ f. 1943).

Jón Gíslason (Uppalinn á Hofi f. 1963) og Eline Manon Schrijver ábúendur á Hofi.

Hallgrímur Guðjónsson (f. í Hvammi 1919), Sigurlaug Steingrimsdóttir (f. í Hvammi 1932), Hólmgeir Pálsson Hvammi I og Haukur Suska-Garðarsson Hvammi II. Hallgrímur Guðjónsson (f. í Hvammi 1919), nú búsettur í Reykjavík.

## *Tilgangur fornleifaskráninga*

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænhusa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga, né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning er forsenda skipulegrar minjavörslu svo sem þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

Þeir sem stýra hvers konar framkvæmdum verða að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á framkvæmdasvæðinu, svo unnt sé að taka tillit til minja við skipulagsvinnu og varðveislu sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Því er mikilvægt að fornleifaskráning sé gerð með nægilegum fyrirvara áður en framkvæmdir eiga sér stað. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi vegna þeirra, er engan veginn æskilegur. Hvorki fyrir framkvæmdaaðila né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar, og því sameinar fornleifaskráningin hagsmuni beggja.

## *Aðferð við skráningu*

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst auk þess sem þær eru mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Gengið er á alla staði sem að eru taldir líklegir minjastaðir. Á þann hátt bætast oft við fornleifar sem ekki er getið í heimildum.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer, hlaupandi númer innan hverrar jarðar, t.d. fær gamli bærinn á Hofi númerið 1 (auðkennt Hof – 1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvrnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Fornleifaverndar ríkisins. Til dæmis er kennitala fyrir bæjarstæði Hofs (Hof – 1) 11168.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. bústaður, fjárhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hversu mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Segja má að allar minjar innan túns eða í nágrenni þess séu í einhverri hættu vegna ábúðar á jörðinni en þær eru einungis metnar í hættu þar sem sérstök ástæða er til að ætla að þær kunni að verða fyrir hnjaski. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Fornleifaverndar ríkisins sem finna má á vefslóðinni <http://fornleifavernd.is/index.php?pid=161>.

Nákvæm staðsetning minja er gefin upp í töflu aftast í skýrslunni. Minjarnar eru einnig mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Lega minja er sýnd á svarthvítum loftmyndum frá Landmælingum Íslands sem hnitaðar voru af starfsmönnum fornleifadeildarinnar. Upplýsingarnar eru skráðar í gagnagrunn og uppmælingum er skilað á stafrænu formi til verkkaupa og Fornleifaverndar ríkisins.

Endurgerð upprunalegra túnakorta og yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, lengd og breidd, hættumat og hættuorsök, auk þess er aldur minjanna gróflega áætlaður. Er þó rétt að hafa fyrir vara á slíku aldursmati nema þar sem áreiðanlegar heimildir fyrirfinnast. Aldur sem gefinn er upp í hnitatöflu er einungis til leiðbeiningar. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

## *Helstu minjaflokkar*

Búsetuminjum má gróft séð skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna.

### **Minjar í túni**

#### ***Bæjarstæði***

Útlit og lega bæjarstæða helgast af því hvort um er að ræða viðvarandi eða styttri byggð. Oft varðveitast vel afbýli eða skemmri tíma bústaðir s.s. sel þar sem þau eru gjarnan þannig staðsett að seinni tíma framkvæmdir hafa ekki raskað við þeim. Slík bæjarstæði/bústaðir geta gefið miklar fornleifafræðilegar upplýsingar. Bæjarhólar verða til við sífelldar endurbyggingar húsa á sama stað. Bæjarhólar varðveita mikla sögu um húsakost og

lifnaðarhætti, og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Oft voru bæjarstæði nokkurskonar þorp bygginga þar sem útihús hverskonar voru áföst eða fast við bæjarhúsin.

**Kirkjur** voru oftast gegnt bæjarhúsum eða mjög nærri bæjarstæðum.

Á **alkirkjum**, höfuðkirkjum (beneficum) var messað hvern helgan dag og þar mátti jarða.

Á **hálfkirkjum**, svokölluðum útkirkjum (annexíum), var messað helmingi sjaldnar en á alkirkjunum eða annan hvern helgan dag. Þar mátti jarða. Djákni aðstoðaði prest ef margar slíkar kirkjur heyrðu undir alkirkju. Djáknar máttu messa en ekki vígja eða jarða.

Á **fjórðungs-** og **þriðjungskirkjum** var messað sjaldnar, ýmist þriðja hvern eða fjórða hvern helgan dag. Þær höfðu ekki allar graftarleyfi.

**Bænhús** voru einskonar heimiliskapellur. Í þeim mátti messa en biskupsleyfi þurfti til að gífta, skíra eða veita sakramentið. Þar mátti ekki grafa lík.

**Grafreitir** voru oftast afmarkaðir af garðhleðslu. Þeir voru við eða nærri bæjarstæðum, umhverfis kirkjur og hálfkirkjur. Elstu kirkjugarðarnir voru hringlaga en þeir urðu seinna ferhyrindir. Ætlað hefur verið að greftrun hafi farið fram við sóknarkirkjur en fjöldi grafa sem fundist hafa við jarðrask á jörðum þar sem engar heimildir eru til um kirkjur eða bænhús bendir til að víðar hafi verið jarðað en áætlað hefur verið.

### Aðrar minjar

Stærsti minjaflokkurinn teljast útihús hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, lambhús, smiðjur, ýmsa kofa, kvíar, hlöður og skemmur. Utan túns má nefna sel, beitarhús, stekki, heytóftir, réttir, náthaga, smalakofa o.fl. Aldur útihúsa er sjaldnast þekktur en oft voru byggð öldum saman á sama stað. Því kunna leifar eldri mannvirkja að leynast undir tóftum þeirra yngri. Lega og útlit minja gefur oft til kynna hverskyns minjar þar er um að ræða þótt svo engar heimildir séu til um notkun þeirra. Þó er stundum ekki hægt að ákvarða nánar hver notkun húss kann að hafa verið.

### Minjar í eða við tún

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna jarðabóta eða annarra framkvæmda. Dæmi um slíkar minjar eru:

**Fjós:** Fjóstóftir eru oft á bæjarstæðinu sjálfu eða nærri því.

**Fjárhús:** Fjárhústóftir eru margvíslegar og stærð þeirra og fjöldi króa geta verið mismunandi. Oft má greina garða eftir miðri tóftinni eða stalla undan jötum upp við vegg. Oft eru hlöður eða heytóftir áfastar aftan við fjárhúsin.

**Hrútakofar:** Smærri kofar oft yst í túni.

**Lambhús:** Yfirleitt smáar tóftir, einnar króar hús.

**Hesthús:** Oft smærri hús yst í túni eða við túngarð.

**Smiðjur:** Smiðjur voru yfirleitt nálægt bæjarstæðinu sjálfu en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

**Kofar:** Yfirleitt fremur smáar tóftir. Kofarnir voru af ýmsu tagi s.s. hæsnakofar.

**Brunnar:** Brunnar eða vatnsból voru mikilvæg enda greiður aðgangur að vatni oftast grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Oft eru brunnar grjóthlaðnir, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir. Ef byggt var svokallað brunnhús yfir brunninn eða við hann líkjast tóftirnar öðrum kofatóftum. Einnig var algengt að hafa innangengt eftir rangala frá bæ til brunns.

**Myllur:** Kornmyllur, svokallaðar vatnsmyllur, knúnar vatni voru við marga bæi. Þær voru víðast hvar aflagðar um síðustu aldamót. Stundum er í heimildum getið um myllusteina sem varðveist hafa eftir að myllurnar sjálfar hrundu, og mylluörnefni eru á flestum bæjum. Tóftirnar liggja við ár eða læk. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op á tóftinni þangað sem vatnið var leitt inn og út. Oft eru grafnar rennur úr læk ofan við að tóftinni og vatnsmagninu þannig verið stýrt. Á stöku stað voru vindmyllur og sér lítið eftir af þeim en

heimildir um staðsetningu þeirra eru mikilvægar.

**Kvíar:** Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þangað var ánum smalað til mjalta. Kvíum svipar mjög til stekkja en oft eru þær þó aðeins ein kró, ekki tvískipt eins og stekkirnir.

### **Minjar utan túns**

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

**Kuml/haugur/dys/kumlateigar:** Kuml/haugar eru grafstæði úr heiðni. Þau geta verið einstök eða nokkur saman og mynda þá svokallaðan kumlateig. Stundum eru slíkar grafir upphlaðnar og því greinilegar í landi en oft eru þau þó ósýnileg á yfirborði. Stundum er einföld grjóthleðsla umhverfis eða yfir gröfinni. Kuml og kumlateigar eru oft rétt utan túns í um 2-300 m fjarlægð frá bæ. Þau geta þó legið nokkuð utan túns og oft virðast þau liggja á eða við landamerki jarða eða við alfara- eða þjóðleiðir. Oft eru hólmyndanir í landi, manngerðar og ómanngerðar, álitnar kuml, stundum grafstæði nafngreindra landnáms- eða fornmannna. Sögur, hjátrú eða helgi fylgja oft slíkum fornmannahaugum eða dysjum. Viðskeytin kuml og dys má stundum finna í örnefnum.

**Réttir:** Réttir, aðhald eða annað gripheldi er gjarnan að finna fjær bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir voru til heimabruks en lögréttir eða skilaréttir nefndust þær réttir þar sem smalað var saman af stærra svæði, sveitum (heimfjöllum) eða afréttum. Þær voru yfirleitt grjót- og torfhlaðnar, gjarnan upp við klettaveggi eða við náttúrulegt aðhald einhverskonar. Réttir sem voru notaðar á einstöku bæjum voru smáar og einfaldrar gerðar en lögréttir stærri og oft margskipt upp í dilka.

**Stekkir,** sem eru smaréttir með einum dilk eða kró, svokallaða lambakró, voru notaðir fyrstu dagana við fráfarur. Lömb voru færð frá ánum að kvöldi og byrgð inni í krónni til að hægt væri að mjólka ærnar til heimilisins morguninn eftir. Stekkirnir eru gjarnan nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjarveg. Þeir eru oftast hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

**Nátthagar:** Nátthagar eru frá tíma fráfarra. Mylkum ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn. Lömb voru á sama tíma hýst í lambakrónni yfir nóttina, en sleppt til ána á daginn. Nátthaganna voru notaðir bæði á stekktíma og á fyrstu vikum með kvíunum og eru því oftast en ekki í næsta nágrenni.

**Sel:** Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læk. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnámstíð og fram undir 17.-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka réttir eða gripheldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

**Stöðull:** Kýr voru mjólkaðar á stöðli. Þurrur stað ekki langt frá bæ. Þar eru sjaldan nokkur kennileiti önnur en örnefnið.

**Beitarhús:** Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt í þau að ganga. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímann til að hlífa túnnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftast en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum.

**Smalakofar:** Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir

smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

**Heytóftir:** Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnar upp tóftir, svokallaðar heytóftir eða heykuml. Þar var heyinu safnað saman og það byrgt til geymslu fram á veturinn er fóðra þurfti búsmala. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar og engar dyr á þeim. Að vanda standa tóftirnar nokkru hærra en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því. Ekki voru veggir eða þak á slíkum tóftum og hleðslur því óverulegar.

**Fjárborgir:** Fjárborgir voru hringlaga úr grjóti, nokkurskonar réttir eða afdrep fyrir búfé.

**Garðlög:** Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar voru og stundum umhverfis beitarhús eða smábýli. Vallargarðar eru garðar utan túns. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Garðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna, svokallaðir landamerkjagarðar.

**Heyvinnsla:** Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt þaksléttutími. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í aflöngum spildum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóttir næst bæjum og jafnað úr gömlum peningshúsum sem staðið höfðu dreifið innan túns.

## Við sjó

Menjar um sjósókn varðveitast oft illa vegna nálægðar sinnar við hafið. Margar þeirra hafa og horfið við framkvæmdir vegna þéttbýlismyndunar og hafnargerðar. Verstöðvar eða útgerðastaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kann þar að finna nokkuð fjölbreyttar minjar.

**Sjóhús/verbúðir:** sjóhús og verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

**Fiskbyrgi:** Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem fiskur var geymdur.

**Hjallar:** Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuð upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

**Naust/hróf:** Tóftir í eða við fjöruborð þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust líka bátslaga og hefur bátum þá verið smeygt inn í naustið.

**Uppsátur:** Þar lögðu menn upp bátum. Uppsátur eru oft samsíða grjóthleðslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til en eru sjaldgæfari.

**Fiskgarðar:** Upphlaðnir garðar til að þurrka fisk á voru á stöku útgerðarstað.

## Hvammur – söguágrip



Mynd 1. Horft er til vesturs yfir Hvamm I.

Í Húnaþingi II er bænum lýst svo: „Bærinn stendur á bungulagaðri hæð í rótum Vatnsdalsfjall sunnanundir Hvammshjalla (Deildarhjalla), en litlu norðar rís hæst tindur fjallsins – Jörundarfellið. Útsýni fagurt frá bænum. Undirlendi mikið en votlent, utan bakkar Vatnsdalsár, sem eru eggsléttir og sem bezta tún. Norðan túns eru Hvammsurðir og Hvammstjörn (Urðarvatn). Hátt í syðri urðinni lifa enn nokkrar reyniviðarhríslur við harðan kost.“ Jörðinni var árið 1926 skipti í tvö býli.<sup>1</sup>

Á Sturlungaöld bjó í Hvammi Þorsteinn Jónsson en hann barðist með Sturlungum í Örlygsstaðabardaga<sup>2</sup> gegn þeim Gissuri Þorvaldssyni og Kolbeini unga. Sonur hans var Eyjólfur ofsi Þorsteinsson sá er leiddi brennumenn til Flugumýrar til að hefna tengdaföður síns Sturlu Sighvatssonar sem drepinn var í Örlygsstaðabardaga. Eyjólfur var einn af foringjum Sturlunga eftir að Þórður kakali yfirgaf landið.<sup>3</sup>

Í skrá um skipti á Spákonuafinnum<sup>4</sup> frá því um 1200 samkvæmt frásögnum Þórarins Þorfinnssonar, Eyjólfssonar og Karls Jónssonar ábóta á Þingeyrum, segir að

<sup>1</sup> Húnaþing II, 326-327.

<sup>2</sup> Sjá Sturlungu I, bls. 56, 335, 372, 423, 471, 506, 507, 512, 529 og II. bindi bls. 35, 35, 177, 178, 281.

<sup>3</sup> [http://is.wikipedia.org/wiki/Eyj%C3%B3lfur\\_ofsi\\_%C3%9Eorsteinsson](http://is.wikipedia.org/wiki/Eyj%C3%B3lfur_ofsi_%C3%9Eorsteinsson). Skoðað þann 20.12.09.

<sup>4</sup> Spákonuafur er kenndur við Þórdísi sem bjó að Spákonufelli á 11. öld en hún á að hafa gefið ýmsum kirkjum eftir sinn dag hlut í hval- og viðrekum fyrir löndum sínum.

upphaflega hafi Spákonuarfi verið skipt í fimm hluta og gekk einn þeirra, hálfur til Hvamms í Vatnsdals en þar á móti helmingur til Höskuldsstaða og helmingur til Gunnsteinsstaða.<sup>5</sup>

Kirkja var í Hvammi, tileinkuð heilagri Maríu. Í Auðunarmáldaga<sup>6</sup> frá 1318 segir að kirkjan hafi átt þriðjung í heimajörðu, hálfann hvalreka á móti Undirfellskirkju<sup>7</sup>, fjórðung í reka á Þingeyrasandi, hálfa Brekku fyrir 15 hundruð, Flögu fyrir 30 hundruð, Hardberta hólmi fyrir 10 hundruð.<sup>8</sup> Í Vísitasíugerð Jóns Vilhjálmssonar Hólabiskups fyrir kirkjuna að Hvammi segir: „Item Ecclesia sancte katerina i hvammæ war giord firir. xx. hundrot æn firir fyndh .x. hundrot.“<sup>9</sup> Árið 1461 þegar Ólafur biskup var í Vísitasíu í Húnavatnsþingi er sögð alkirkja í Hvammsþingum til söngs.<sup>10</sup> Í kirknatali frá 1461 segir að einn prestur sé í Hvammi.<sup>11</sup> Í elsta hluta Sigurðarregistris<sup>12</sup> frá 1525 um eignir Þingeyrarklausturs segir að Hvammur hafi verið gefin klaustrinu (Kristfé) og var gefandi „kall hinn audgi“ og jörðin metin á 60 hundruð. Meðfylgjandi var Flaga metin á 30 hundruð, Harbeitarhólmur á 10 hundruð, Brekka á 15 hundruð og 5 hundruð á Vatnsnesi í rekum og hvalreki á Bergstöðum, Illugastöðum og Vík.<sup>13</sup> Í jarðabók frá 1706 segir að gömul munnmæli séu að jörðin sé Kristsfé og ágóðinn hafi greitt með 2-4 ölmusumönnum sem voru á Þingeyrum.<sup>14</sup> Kirkja hefur lagst af á 15. eða 16. öld. Í jarðabók frá 1706 segir „Hjer hefur að fornu hálfkirkja verið og stendur húsið enn, þó man enginn hjer hafi verið tíðir veittar.“<sup>15</sup>

Árið 1326 gera Laurentíus Kálfsson biskup á Hólum og Guðmundur ábóti í Þingeyrarklausturs með sér samning um biskupstíundamál og gefur biskup klaustrinu jarðirnar Hvamm í Vatnsdal, bæði kirkjuhluta og eignar hluta með öllum hlunnindum, og Húnsstaði.<sup>16</sup> Þessi samningur er staðfestur af Eilífi erkibiskupi í Niðarósi 1329.<sup>17</sup>

## Ábúð

Árið 1836 er jörðin seld og þá býr þar Björn Auðunsson Blöndahl ásamt eiginkonu Guðrúnu Þórðardóttur og öðru heimilisfólki. Mannmargt hefur verið í Hvammi og búa þar þegar mest er 29 manns.<sup>18</sup> Hvammkot var í byggð þegar manntal var tekið 1703<sup>19</sup> en virðist hafa farið í eyði eftir 1800 en fyrir 1847.<sup>20</sup>

<sup>5</sup> DI I, 305. Spákonuarfur er kenndur við Þórdísi sem bjó að Spákonufelli á 11. öld en hún á að hafa gefið ýmsum kirkjum eftir sinn dag hlut í hval- og viðrekum fyrir löndum sínum. Rekaskrá Þingeyrarklausturs 1285, DI II, 251.

<sup>6</sup> Máldagi Auðunar biskups rauða Þorbergssonar fyrir Hólabiskupsdæmi.

<sup>7</sup> DI III, 162; 540.

<sup>8</sup> DI II, 476.

<sup>9</sup> DI IV, 513.

<sup>10</sup> DI V, 354.

<sup>11</sup> Sama heimild.

<sup>12</sup> Elsti hluti Sigurðarregistris inniheldur máldaga Hóladómkirkju, þegar Jón biskup Arason tók við, og máldaga klaustranna og nokkurra kirkna fyrir norðan land.

<sup>13</sup> DI IX, 315-316.

<sup>14</sup> Jarðabók 8. bindi, 300.

<sup>15</sup> Jarðabók 8. bindi, 299.

<sup>16</sup> DI II, 580-581.

<sup>17</sup> DI II, 643.

<sup>18</sup> <http://manntal.is/#>

<sup>19</sup> Sama heimild.

<sup>20</sup> Jarðatal Johnsen 1847, 235. Þar er þess getið neðanmáls að 1802 hafi Hvammur verið talinn 80 hundruð með kotinu.

## Jarðamat

Árið 1506 er Hvammur metinn á eitt hundrað hundruð.<sup>21</sup> Árið 1525 átti Þingeyrarklaustur í Hvammi 12 kýr og 6 tveggja vetra kvígur, 4 naut, tarf tveggja vetra og annan veturgamlan. Kálfar voru 6, 53 ásauðir, 4 ær, geldir sauðir voru 20 og 4 hrútar. Veturgamlir sauðir voru 51, hross 3 og 1 folald.<sup>22</sup> Í jarðabók 1705 segir að dýrleiki hafi að fornu verið 80 hundruð og haldist svo þar til Guðmundur Hákonarson felldi 10 hundruð af dýrleikanum þegar túnið eyðilegðist í stórskriðu og var jörðin eftir það metin á 70 hundruð. Árið 1706 var tvíbýli í Hvammi og skiptist svo að ábúandi á 40 hundraða parti var Bjarni Ólafsson en á 30 hundraða parti ekkjan Kolfinna Skeggjadóttir.<sup>23</sup> Jörðin var metin 90 hundruð í sóknarlýsingu Undirfellssóknar frá 1840 og segir að ásamt Ási sé Hvammur reisulegastur bæja í sókninni.<sup>24</sup> Í jarðatali frá 1847 er jörðin metin á 90 hundruð en samkvæmt nýju jarðamati 1861 er jörðin metin á 42,8 hundruð.<sup>25</sup>

## Hjáleigur og sel

**Hvammkot** er í jarðabók 1706 sagt gömul hjáleiga af þeim parti sem Bjarni Ólafsson bjó á, ábúandi var Illugi Bjarnason.<sup>26</sup> Samkvæmt heimildamanni Hallgrími Guðjónssyni sem fæddur er í Hvammi 1919 var það hið sama og nefnt er Ytra-Hvammkot í yngri heimildum (s.s. örnefnaskrá bls. 2). Segir í jarðabókinni að munnmæli eignu Hvammi selstöðu á Sauðadal sem kallað sé **Hvammssel** en enginn muni eftir að það hafi verið notað frá Hvammi.<sup>27</sup> **Syðra-Hvammkot** var hjáleiga sem byggðist upp um miðja 17. öld. Býlið var byggt upp á fjárhússtæði og var búið þar af og til í einhver ár þar til ábúð lagðist af.<sup>28</sup> Jarðabókin getur einnig **Eilífstöfta** sem byggðust í kringum 1600 sem húsmannsbýli á gömlu þrælsgerði. Árið 1705 hafði skriða „brotið mestan hlut hins forna gerðis.“<sup>29</sup> „**Hvammssel**, sem a.m.k. var notað í nokkur ár, um og eftir 1880, var út og upp af Hvammstjörninni, og sáust enn merki um það, uns vegur var lagður þarna um. Ekki er vitað til að þarna hafi menn dvalið árið um kring, eða stundaður sjálfstæður búskapur. **Fosskot** var niður á skriðunni og norðan Fosslægjarins. Mun þar hafa verið harðbýlt, ekki síst vegna tíðra skriðufalla.“<sup>30</sup>

---

<sup>21</sup> DI VIII, 131.

<sup>22</sup> DI IX, 316.

<sup>23</sup> Jarðabók 8. bindi, 300-301.

<sup>24</sup> Sýslu og sóknarlýsingar I, 71.

<sup>25</sup> Ný jarðabók fyrir Ísland, 95.

<sup>26</sup> Jarðabók 8. bindi, 301.

<sup>27</sup> Jarðabók 8. bindi, 301-302.

<sup>28</sup> Jarðabók 8. bindi, 302.

<sup>29</sup> Sama heimild.

<sup>30</sup> Húnaþing III, 314.

## *Fornleifaskráning – kort og yfirlitsmyndir er að finna aftast í skýrslu*

### **Hvammur-1**

**Sérheiti:** Bæjarhóll

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Gamli bærinn stóð austan við íbúðarhúsið sem nú er (sjá kort í fylgiskjöllum), handan bæjarhlaðsins að sögn heimildamanns, Hallgríms Guðjónssonar sem fæddur er í Hvammi 1919. Steinhúsið sem nú stendur var reist árið 1911 og byggt við það 1952 (Heimasíða Fasteignaskrár Íslands, skoðað 18.12.2009).

### **Hvammur-2**

**Sérheiti:** Reiðhestakofi

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Hesthús hlaðið úr torfi og grjóti var norðaustan við gamla íbúðarhúsið. Þarna er nú steypthesthús og eru grjóthleðslur enn inni í því frá þeim tíma er þar stóð torfhús en húsið er að öðru leyti steypthesthús. Samkvæmt heimildamanni var hesthúsið sem var úr torfi og grjóti í notkun þegar hann var unglingur.

#### **Aðrar upplýsingar**

Reiðhestakofi; Þar var hesthús með hlöðnum kjallara. Lítið hús byggt úr steini en áður var þar torfhús og nafnið frá þeim tíma (ÖS, 3).

### **Hvammur-3**

**Hlutverk:** Fjós

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Fjósið var um 50m norður af íbúðarhúsinu og við það var fjóshlaða og undir því grjóthlaðinn kjallari. Þar stendur útihús í dag.

#### **Lýsing**

Í örnefnaskrá er þess getið að hlaðnir kjallarar hafi verið undir hlöðum í Hvammi sem voru þó nokkuð margar. Þeir voru reistir í tíð Benedikts Blöndal og mun Jens Þórðarson síðar Vesturlandspóstur hafa hlaðið þá (ÖS, 3). Samkvæmt heimildamanni var fjós úr torfi og grjóti í notkun í æsku hans.

### **Hvammur-4**

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Sambyggt við fjósið var brunnhús og í því brunnur. Þessi hús fjósið og brunnhúsið eru nú horfin undir aðrar byggingar. Samkvæmt heimildamanni var brunnhúsið norðan við fjósið.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá er því svo lýst: „Brunnhús var sambyggt við fjósið, og þar var brunnur, sem talinn var 18 álna djúpur og var hlaðinn að innan. Hann var með handsnúinni vindu og keðju í fötunni. brunnurinn var stundum nærri þurr, svo lítið vatn, að fatan fyllti sig varla, er hún kom niður. Stundum hækkaði svo mjög í brunninum, að hægt var að teygja sig með fötuna í vatnið, en það var talið boða norðanhret. Gerður var skans í torfvegginn, sem aðskildi fjós og brunnhús, tréstockur var í gegnum vegginn og hellt í hann brunnhúsmegin, og rann þá vatnið

í kerald í fjósinu. Kýrnar voru leystar kvölds og morgna og fóru ein og ein til að drekka. Þetta brunnhús var enn, þegar Hallgrímur fór að búa 1945, en þá kom vatnsleiðsla.“ (ÖS, 3).

#### **Hvammur-5**

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Austan við íbúðarhúsið voru rétt og skemma, sambyggð sem sjá má á túnakorti frá 1918. Þau eru nú komin undir aðrar byggingar. Punktur var tekinn eftir hnitsettu túnakorti og því getur verið nokkur skekkja á honum.

#### **Hvammur-6**

**Hlutverk:** Skemma

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Austan við íbúðarhúsið voru rétt og skemma, sambyggð sem sjá má á túnakorti frá 1918. Þau eru nú komin undir aðrar byggingar. Punktur var tekinn eftir hnitsettu túnakorti og því getur verið nokkur skekkja á honum.

#### **Hvammur-7**

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Samkvæmt túnakorti frá 1918 lá heimreiðin til suðurs frá bænum á sama stað og heimreiðin gerir í dag og er því komin undir malarborinn veg. Punktur var tekinn af hnitsettri loftmynd og gæti því skeikað einhverjum metrum. Samkvæmt heimildamanni var tröðin upphlaðin beggja vegna og nógu breið fyrir bifreið. Henni var ýtt þegar Hallgrímur bjó í Hvammi.

#### **Hvammur-8**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Matjurtagarður var rúma 30m suðaustur af íbúðarhúsinu. Garðurinn er nú horfinn og þarna er nú trjágarður. Heimildamaður mundi aðeins eftir trjágarði á þessum stað. Punktur var tekinn eftir hnitaðri loftmynd og gæti því verið einhver skekkja á honum.



Mynd 2. Kartöflugarðar ofan við bæ.

### **Hvammur-9**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

#### **Staðhættir**

Kartöflugarðar voru á hól í suðausturhorni túnsins (ÖS, 2) rúmlega 90m austur af íbúðarhúsinu (1911) og sjást enn garðlögin í nokkuð brattri brekku sunnan undir hólnum.

#### **Lýsing**

Enn sjást grasi gróin garðlög a.m.k. tveggja kartöflugarða sem liggja na/sv. Breidd veggja er um 60sm og hæð 30-40sm. Þeir liggja samsíða og er hvor garður um sig u.þ.b. 10m breiður og um 20m langir.

### **Hvammur-10**

**Sérheiti:** Lambhús

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Dæld

#### **Staðhættir**

Tæplega 140m norður af íbúðarhúsinu voru fjárhús sem nefnd voru Lambhús (ÖS, 3).

#### **Lýsing**

Enn sér eftir dæld í túnið þar sem húsin stóðu en þau að öðru leyti horfin. Hlaða var á húsinu og hefur snúið til austurs en fjárhúsin til vesturs. Dældin er í sléttuðu túni, hún er 20sm djúp og um 10x16m að stærð og sér móta fyrir hlöðunni sem er 3x8m að stærð.

#### **Aðrar upplýsingar**

Hlaðinn kjallari var undir Lambhúss hlöðunni (ÖS, 3).

### **Hvammur-11**

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Norður af Lambhúsunum (**nr. 10**), tæplega 200m norður af íbúðarhúsinu er hesthústóft í túni. Hún er norður undir girðingu milli Hvamms og Hvamms II.

#### **Lýsing**

Tóftin liggur austur/vestur og hefur hlaða verið á húsinu til austurs. Tóftin er 14x17m að utanmáli og veggghæð mest um 30sm. Tóftin er gróin grasi, arfa og njóla. Grjóthlaðnar undirstöðu veggja sjást og standa ágætlega. Nokkuð af hleðslugrjóti liggur í hrúgu nyrst í tóftinni.

#### **Aðrar upplýsingar**

Hlaðinn kjallari var undir hesthúshlöðunni (ÖS, 3).

### **Hvammur-12**

**Sérheiti:** Guðjónshús

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Rúma 50m austur af hesthústóftinni (sjá nr. 11) vestan undir túngarðinum var fjárhús sem nefnt var Guðjónshús (ÖS, 3). Húsin eru horfin og steinsteypt bygging er þar sem þau stóðu áður.

**Hvammur-13**

**Sérheiti:** Ærhús

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Nyrst í túni um 300m norður af íbúðarhúsinu í Hvammi voru tvenn fjárhús sambyggð, það nyrðra kallað Ærhús. Þetta land tilheyrir nú Hvammi II.

**Lýsing**

Húsin eru horfin og komin undir tún en punktur var tekinn af hnitsettu túnakorti frá 1918 og því getur verið nokkur skekkja á honum.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá kemur fram að Ærhúsin hafi einnig verið kölluð Sigghús eftir Sigurði Blöndal sem hafði sínar kindur þar þegar hann var heima. Hlaða var við Ærhúsin og hlaðinn kjallari undir þeim (ÖS, 3).

**Hvammur-14**

**Sérheiti:** Jónshús

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Nyrst í túni um 300m norður af íbúðarhúsinu í Hvammi voru tvenn fjárhús sambyggð, það syðra kallað Jónshús (ÖS, 3).

**Lýsing**

Húsin eru horfin og komin undir tún en punktur var tekinn af hnitsettu túnakorti frá 1918 og því getur verið nokkur skekkja á honum.

**Hvammur-15**

**Sérheiti:** Kothús

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Nyrst í gamla túninu, 300m nnv af íbúðarhúsinu í Hvammi I og suðvestur af íbúðarhúsi í Hvammi II eru fjárhús sem nefnd voru Kothús. Þar standa útihús enn í dag og eru eldri húsin horfin. Þessi hluti túnsins var nefndur Kotvöllur (ÖS, 3).



**Mynd 3.** Á myndinni er partur af suðurhluta túngarðsins þar sem hann liggur til vsv í átt að heimreiðinni.

### **Hvammur-16**

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Hleðsla

#### **Staðhættir**

Grjóthlaðinn túngarður liggur umhverfis heimatúnið að sunnan og austan.

#### **Lýsing**

Garðurinn er frá tveimur tímabilum. Á túnakorti frá 1918 sést að garðurinn hefur verið að norðan, austan og sunnan en síðar virðist hafa verið aukið við túnið til norðurs og austurs og þá hlaðinn nýr garður að hluta að austan (þ.e. norðari hluti hans). Við það hefur hluti gamla garðsins

farið undir tún og er nú í sléttu túni í Hvammi II. Garðurinn er tæplega 830m langur í allt en hann er ekki alveg samfelldur. Hann er allur grjóthlaðinn og víðast um 50sm hár en mest um 1m á hæð og 120sm á breidd. Fyllst hefur upp að garðinum víða undir brekkunni til austurs. Girt hefur verið meðfram garðinum.

### **Hvammur-17**

**Sérheiti:** Ytra-Hvammkot

**Hlutverk:** Býli

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Nyrst í gamla túninu, 300m nnv af íbúðarhúsinu í Hvammi I og suðvestur af íbúðarhúsi í Hvammi II eru fjárhús sem nefnd voru Kothús. Þau standa norðan við þar sem Ytra-Hvammkot stóð áður.

#### **Lýsing**

Minjar tengdar býlinu eru horfnar og samkvæmt heimildamanni kom upp grjót við túnvinnslu suður af Kothúsunum og taldi hann að það væri úr kotinu. Heimildamaður gat þess jafnframt að Ytra-Hvammkot væri það sama og nefnt er Hvammkot í jarðabók frá 1706 (bls. 301) og er í eyðibýlaskrá Ólafs Olaviusar (bls. 284) sagt hafa eyðst af skriðu. Ákveðið ósamræmi er þarna á milli heimilda þar sem heimildamaður segir tóftarbrot hafa verið greinileg þarna á fyrri hluta 20. aldar en Ólafur segir það hafa farið undir skriðu. Óvíst er hvort réttara er en hugsanlegt er að þarna hafi býlunum Eilífsstöðum og Hvammkoti verið ruglað saman en Eilífsstaðir fóru að hluta undir skriðu. Einnig er mögulegt að Eilífsstaðir hafi áður borið nafnið Hvammkot

#### **Aðrar upplýsingar**

Ytra- Hvammkot; býli, hjáleiga frá Hvammi. Tóftabrot voru enn greinileg á fyrri hluta 20. aldar en munu nú vera afmáð en nú standa þar fjárhús nefnd Kothús (ÖS,3).




Mynd 4. Horft yfir Leynistrétt til suðausturs.

100sm á breidd.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir að féð hafi verið rúið þar á vorin og réttin var í notkun fram um 1930 (ÖS, 2 6).

#### Eilífsstaðir



Við fjallsrætur um 340m suðaustur af Hvammi I eru tóftir fornþýlisins Eilífsstaða. Þýlið er rétt ofan túna og liggur í aflíðandi grónum halla. Svo virðist sem skriða hafi einhvern tímann runnið yfir suðurhluta þýlisins en það er komið í eyði fyrir 1700. Túngarður er utan um

tóftirnar í boga frá vestri til austurs en skriðan sem áður er nefnd virðist hafa runnið yfir hinn hluta túnsins og yfir garðinn. Innan túngarðsins og upp við hann að norðan eru veggjalög en fremur erfitt er að átta sig á fyrirkomulagi húsa þar sem veggirnir eru sundur slitnir og aðeins hlutar þeirra hafa varðveist. Hleðsla undan yngri girðingu liggur yfir minjarnar að hluta.

#### **Hvammur-19**

**Sérheiti:** Eilífsstaðir

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Hleðsla

#### **Lýsing**

Túngarðurinn er tæpir 200m á lengd, breidd hans er um 1,6m og hæð frá 50-100sm. Hann er grasi gróinn, jarðsokkinn og á köflum líkari náttúrulegum bakka. Garðurinn liggur frá vestri til norðurs og svo í boga til austurs, annar bogi minni er til austurs eins og sjá má af teikningu hér að framan.

#### **Aðrar upplýsingar**

Eilífsstaðir; býli sem var hjáleiga frá Hvammi (ÖS, 6) Í jarðabók frá 1706 (bls. 302) kemur fram að Eilífsstaðir hafi verið settir á gamalt þrælsgerði en hafi ekki verið í byggð svo lengi sem menn muna.

#### **Hvammur-20**

**Sérheiti:** Eilífsstaðir


**Hlutverk:** Híbýli/útihús

**Tegund:** Tóftaþyrping

#### **Lýsing**

Þær minjar sem eftir eru innan túngarðs á Eilífsstöðum eru að mestu veggjabrot úr tóftum og erfitt er að átta sig á hvernig fyrirkomulag bygginga hefur verið. Því er þetta skráð hérna sem heild. Minjarnar eru á um 40x40m svæði nyrst í túninu, þær eru algrónar, jarðsokknar og gamlar að sjá. Girðing hefur legið yfir norðurenda túnsins og liggur hleðsla undan henni yfir hluta veggjanna. Alveg nyrst er heillegasta tóftin, þrískipt og liggur aflöng í stefnuna nv/sa og liggur veggur út frá henni til nv. Hún er um 7x12m að utanmáli og veggjahæð um 20-30sm. Austan við hana eru veggjalög um 30-40sm há og endar eitt þeirra við stóran stein sem liggur við túngarðinn. Þar sunnar er ávalur hryggur, hugsanlega garðlag um 10sm hátt og 3m breitt. Lengra til austurs er hluti úr tóft, veggir hennar eru frá 10-40sm háir og er niðurgröftur innan þeirra um 60sm djúpur. Ávalir bakkar eru norðan og sunnan tóftar, 20-50sm háir. Allar minjar innan túns eru grasi grónar og hvergi sér í grjóthleðslur í veggjum.

## Fosskot



Holt heitir þar sem hjáleigan Fosskot var, neðan eða vestan við Fossgil. Tóftir eru þarna á grasi gróinni grund, vestan við þjóðveginn innan við 300m suður af Hvammstjörn. Óvíst er hvenær býlið fór í eyði en þess er ekki getið í jarðabók frá 1706. Sex tóftir voru skráðar. Óvíst er hvort einhverjar minjar tengdar býlinu hafi farið undir vegagerð en þjóðvegurinn liggur rétt rúma 20m austur af austustu tóftunum. Fossilækur rennur sunnan við Fosskot. Sunnan og vestan býlisins hafa skurðir verið grafnir til framræslu engjanna sem liggja meðfram Vatnsdalsá.

### Hvammur-21

**Sérheiti:** Fosskot

**Hlutverk:** Híbýli?

**Tegund:** Tóft

#### Lýsing

Af þeim sex tóftum sem á Fosskoti eru, er aðeins ein þeirra líklega til þess að vera bæjarhúsatóft. Hún liggur um 20m vestur af þjóðveginum og virðist vera þrískipt en dyr eru aðeins greinanlegar

á syðsta hólfinu og snúa þær til vesturs. Tóftin snýr austur/vestur og er 14x15m að utanmáli. Hún er jarðsokkin, veggir grasi grónir og að nokkru hlaupnir í þúfur, þeir eru um 20-40sm á hæð.

### Hvammur-22

**Sérheiti:** Fosskot

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

#### Lýsing

Um 5m norður af hugsanlegri bæjartóft (**nr. 21**) er óljós lítil þúst, um 4m í þvermál sem hugsanlega gæti verið náttúruleg myndun. Hún er grasi gróin, þýfð og hæð hennar um 20-30sm. Engar dyr eru sjáanlegar.

### Hvammur-23

**Sérheiti:** Fosskot

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### Lýsing

Um 170m suður af tóft (**nr. 21**) eru jarðsokknar tóftir útihúss með hlöðu eða heytóft til austurs. Tóftin snýr austur/vestur og dyr eru mót vestri. Óvíst er hvort þarna hafi verið tvístæð hús eða garðahús með 2 króm. Hlaðan/heytóftin virðist tvískipt en þar sem sýnist vera milliveggur gæti verið hrun úr veggjum. Tóftin er í heild 9x12m að utanmáli, hæð veggja um 20sm og hún er algróin nema að það sér í grjót í vegg.

#### **Hvammur-24**

**Sérheiti:** Fosskot

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### **Lýsing**

Tæplega 20m vestur af tóft (**nr. 23**) hringlaga tóft, jarðsokkin og veggir alveg hlaupnir í þúfur. Veggir eru um 10-30sm á hæð og hugsanlega eru dyr mót austri.

#### **Hvammur-25**

**Sérheiti:** Fosskot

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Tóft

#### **Lýsing**

Um 15m nv af hugsanlegri bæjartóft (**nr. 21**) eru tóftir útihúsa. Þau liggja austur/vestur og eru dyr mót vestri. Virðast vera tvístæð hús, 9x15m að stærð, með hlöðu eða heytóft til austurs. Tóftin jarðsokkin, algróin og veggir þýfðir.

#### **Hvammur-26**

**Sérheiti:** Fosskot

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Tóft

#### **Lýsing**

Nyrst tóftanna á Fosskoti, um 30m norðan við tóft (**nr. 25**) er nálega ferhyrnd tóft um 9m að þvermáli. Tóftin er jarðsokkin, grasi gróin og veggir þýfðir. Dyr eru við nv horn tóftar og snúa til vesturs.

#### **Hvammur-27**

**Hlutverk:** Stekkur, rétt

**Tegund:** Tóft

#### **Staðhættir**

Á Holtinu, í suðurjaðri Ytriurðar austan Fosskots og austan þjóðvegur er grjóthlaðin stekkjartóft.


#### **Lýsing**

Tóftin er aflöng og snýr nálega vnv/asa. Hún er næstum 40m á lengd og 8m á breidd. Tvær krær eða lambakró og rétt eru við sitthvorn enda tóftar en á milli þeirra er um 9m langt opið svæði. Gengt er inn í báðar krær. Hæð veggja er minnst um 20sm

en mest um 160sm. Veggir eru nokkuð heillegir á köflum, einkum undir urðinni til norðurs. Samkvæmt örnefnaskrá voru veggir skemmdir þegar tekið var grjót úr þeim í leyfisleysi (ÖS, 11).



Mynd 5. Stekkur eða rétt, suður undir Ytriurð. Suðurhluti Hvammstjarnar sést efst á mynd.



### Aðrar upplýsingar

Samkvæmt örnefnaskrá var stekkurinn notaður til að marka lömb fram undir 1930. Hallgrímur Guðjónsson sem fæddist í Hvammi 1919 hafði aldrei heyrt um aðra notkun á stekki (ÖS, 11).



Mynd 6. Grjóthlaðið byrgi í skriðu norðan Fossilækjar en lækjarfarvegurinn sést í baksýn.

### Hvammur-28

**Hlutverk:** Byrgi, leikstaður barna?

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Í skriðu norðan við Fossilækinn um 110m ssa af stekki (nr. 27) er grjóthlaðið byrgi.

#### Lýsing

Stærð þess er 2x2m að utanmáli og er það opið mót vestri. Hæð veggja sem standa ágætlega er frá 20-50sm. Hlutverk er óvíst en hugsanlega hafa smalar hlaðið sér þarna skjól og setið yfir fé.

### **Hvammur-29**

**Hlutverk:** Varða

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Tæplega 80m austur af Fosskotstóftunum, austan þjóðvegur er varða.

**Lýsing**

Hleðslan stendur ágætlega er um 30-40sm á hæð og grunnmál er um 1x1,5m.



Mynd 7. Horft er yfir vörðuna til suðurs fram Vatnsdalinn.



Mynd 8. Þúst á skurðarbakka. Horft er til na.

### **Hvammur-30**

**Sérheiti:** Stórhólmabali?

**Hlutverk:** Heytóft

**Tegund:** Þúst

**Staðhættir**

Suðvestan Hvammstjarnar, nær Vatnsdalsá eru nú uppþurrkaðar engjar og á þeim tvennar tóftir, báðar að líkindum heytóftir. Nyrðri tóftin eða þústin er tæplega 500m suður af landamerkjum Hjallalands og Hvamms og rúmlega 200m austur af Vatnsdalsá.

**Lýsing**

Hún stendur á vestanverðum skurðbakka, 5x6m að utanmáli.

Engin veggjalög eru sjáanleg en þústin stendur um 10-20sm hærra en landslagið umhverfis og greinilegt að þar hefur verið eitthvert mannvirki að líkindum heytóft miðað við staðsetningu. Að líkindum er þetta á svonefndum Stórhólmabala sem nefndur er í örnefnaskrá en erfitt er að átta sig á hólmunum þar sem þarna er búið að framræsa land og liggja langir skurðir eftir endilöngum hólmunum.

### **Hvammur-31**

**Hlutverk:** Heytóft?

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Suðvestan Hvammstjarnar, nær Vatnsdalsá eru nú uppþurrkaðar engjar og á þeim tvennar tóftir, báðar að líkindum heytóftir. Syðri tóftin liggur rétt rúma 30m austur af Vatnsdalsá og tæplega 200m ssa af tóft (**nr. 30**).

**Lýsing**

Tóftin sést illa í landslagi og er hún aðeins um 10sm há. Hún er grasi gróin, 4,5x5,5m að stærð. Dyr/hlið eða op virðist vera mót suðri.

**Hvammur-32**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Upphlaðin Engjabrú (gata) liggur nálega austur/vestur meðfram slóð þeirri sem liggur, um miðja vegu milli Hvamms og Hvamms II, niður að Vatnsdalsá.

**Lýsing**

Hún liggur sunnan slóðarinnar, er alls um 185m á lengd, mest um 2m á breidd og um 20sm hátt. Engjabrúin er merkt inn á túnakort frá 1918.

**Hvammur-33**

**Sérheiti:** Syðri-Engjabrú

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Í beinni stefnu frá túngarðinum sunnan við Hvamm er engjabrú sem í örnefnaskrá er nefnd Syðri-Engjabrú (ÖS, 5).

**Lýsing**

Hleðslan er grasi gróin, alls um 172m á lengd, mest um 3m á breidd og 20-30sm há. Hún liggur í stefnuna ana/vsv.

**Hvammur-34**

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Rúmlega 120m suður af Syðri-Engjabrú (**nr. 33**) er áveitugarður.

**Lýsing**

Grasi gróinn garðurinn liggur í vinkel sem opnast mót nna. Hann er tæplega 200m langur, mest um 1,5m á breidd og 20-40sm á hæð.

**Hvammur-35**

**Sérheiti:** Bulluvað

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Bulluvað var á milli Hvamms yfir Bulluvaðshólma syðst í Helgavatnslandi (ÖS, 14).

**Lýsing**

Bulluvað var skráð eftir lýsingu í örnefnaskrá og því má gera ráð fyrir einhverri skekkju.

**Hvammur-36**

**Hlutverk:** Kirkja

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Kirkja var í Hvammi, líklega frá fyrstu tíð.

### **Lýsing**

Samkvæmt heimildamanni komu upp mannabein þegar grafir var fyrir grunni steinhússins vorið 1911. Bendir það til þess að þar hafi verið kirkjugarður og kirkjan að líkindum staðið í honum. Gera má ráð fyrir 20-30m skekkju á punktinum.

### **Hættumat**

Minjunum stafar hættu af öllum framkvæmdum sem verða umhverfis íbúðarhúsið.

### **Hvammur-37**

**Hlutverk:** Kirkjugarður

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Kirkja var í Hvammi, líklega frá fyrstu tíð.

### **Lýsing**

Samkvæmt heimildamanni komu upp mannabein þegar grafir var fyrir grunni steinhússins vorið 1911. Bendir það til þess að þar hafi verið kirkjugarður og kirkjan að líkindum staðið í honum. Gera má ráð fyrir 20-30m skekkju á punktinum.

### **Hættumat**

Minjunum stafar hættu af öllum framkvæmdum sem verða umhverfis íbúðarhúsið.

## **Horfna minjar og óskráðar**

### **Hvammur-38**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir af ruddum vegi sem lá meðfram Urðarjaðrinum (ÖS, 10). Vegurinn er nú kominn undir þjóðveginn en samkvæmt heimildamanni lá hann alveg upp undir urðinni og sagði hann jafnframt að þar hefði áður verið reiðvegur og kerruvegur.

### **Aðrar upplýsingar**

Nánari lýsing er á veginum í örnefnaskrá „[...] eldgamall, og var lagður steinn við stein, ein til tvær álnir á lengd og sumir lengri. Þeir lágu hver við hliðina á öðrum, og voru þeir slípaðir mjög af mörg hundruð ára umferð af járnúðum hestafötum. Þó er það allt blágrýti og vegast ekki nema á hundruðum ára.“ (ÖS, 10).

### **Hvammur-39**

**Sérheiti:** Syðra-Hvammkot

**Hlutverk:** Býli

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Syðra-Hvammkot var suður af túninu í Hvammi. Heimildamaður mundi eftir tóftum þarna sem að nú eru komnar undir tún og leifar býlisins horfnar.

### **Aðrar upplýsingar**

Syðra-Hvammkot; býli. Hjáleiga frá Hvammi, nú horfin (ÖS, 6; JÁM VIII, 302).

### **Hvammur-40**

**Sérheiti:** Beygjugötur

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

„Leynir heitir slakkinn suður á milli balanna fyrir sunnan Hvamm. hann er vel gróinn, sléttur og grasgefinn. Norðan í hryggnum sunnan við Leyninn liggja götur, alltaf kallaðar Beygjugötur.“ (ÖS, 2 6).

### **Lýsing**

Beygjugötur eru nú komnar undir slétt tún.

### **Aðrar upplýsingar**

Göturnar liggja í beygju utan í hryggnum og í örnefnaskrá (bls. 6) er talið líklegt að nafnið sé dregið af því.

### **Hvammur-41**

**Sérheiti:** Langabrá

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Brú var á gamla veginum og er henni lýst svo í örnefnaskrá: „Lögd var brú á síðustu öld rétt fyrir framan gamla veginn í Flóanum, beint út og suður rétt framan við þar sem beygjan var á Urðinni inn. Þá brú lagði Jóhann, sem kallaður var „hnútur“ af því að hann hafði herðakistil. Hann var vegagerðamaður góður. Brúin, sem kölluð var Langabrá, var gerð að vetri til á klaka í jörð og var vel lögd, úr tómu stórgrýti úr urðinni, og borið smágrjót ofan á. Þegar fyrri örnefnaskrá er gerð, 1940, er brúin að sökkva, því kaldavermslið er afar mikið og djúpt, eins og þar segir. Urðin hefur þá hlaupið ofan á parti, fram yfir gamla veginn, og útlit fyrir, að enn muni hlaupa fram partur af henni. Nú er brúin komin undir nýja veginn. Hún var alltaf að síga og var sokkin.“ (ÖS, 10).

### **Lýsing**

Eins og fram kemur í örnefnaskránni er brúin horfin.

### **Hvammur-42**

**Sérheiti:** Steinabrá

**Hlutverk:** Brú

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Samkvæmt örnefnaskrá var svonefnd Steinabrá yfir Holtskeldu sem er sunnan Hvammstjarnar og vestan þjóðvegjar.

### **Lýsing**

Brúin fannst ekki við skráningu og er að líkindum horfin vegna framræslu og taldi heimildamaður að það væri mjög sennilegt

### **Hvammur-43**

**Hlutverk:** Fráveita

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Milli Stokkhólma og Tangabakka í engjunum var samkvæmt heimildaskrá handgrafinn skurður (ÖS, 15).

### **Lýsing**

Engin hafa verið ræst fram með stórum skurðum og er handgrafni skurðurinn nú horfinn.

### **Hvammur-44**

**Hlutverk:** Heystæði

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá er sagt að smá tóftarbrot hafi verið á milli Hólmakvíslar og tanga sem liggur nokkru sunnar (ÖS, 15).

**Lýsing**

Engin tóft fannst á þessu svæði sem er um 2km nv af Hvammi I.

**Hvammur-45**

**Sérheiti:** Vinnumannastykki

**Hlutverk:** Fráveita

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Vinnumannastykki hét stykki á engjunum sem afmarkað var af handgröfnum skurðum.

**Lýsing**

Skurðirnir fundust ekki við skráningu 2009 og hafa að líkindum horfið við framræslu.

**Hvammur-46**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Vegslóði lá frá Ærhúsunum norður að Urðarjaðrinum í Landsenda. Heimildamaður örnefnaskrár telur að hann sé að líkindum frá tíma hestakerru og myndast við grjótflytninga heim að túni. Slóðin var vel greinileg þar til að Hallgrímur Guðjónsson (f. 1919) stækkaði túnið til austurs og norðurs.

**Hvammur-47**

**Hlutverk:** Sel

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Sel var nyrst í landi Hvamms skammt sunnan landamerkja milli Hvamms og Hjallalands, utan við urðina og upp af Ytra-Tjarnarvikinu (ÖS, 13).

**Lýsing**

Seltóftirnar hurfu við vegagerð.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá er þess getið að síðustu veggjaleifar hafi horfið við vegagerð upp úr 1960. Þar segir einnig: „Þegar Guðjón, faðir Hallgríms, kom að Hvammi 1903, voru heillegir veggir í Seli. Þá var fært frá þar og setið yfir uppi á Hjalla.“ (ÖS, 13).

**Hvammur-48**

**Sérheiti:** Hvammssel

**Hlutverk:** Sel

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í jarðabók frá 1706 (bls. 301-302) er getið um Hvammssel í Sauðadal. Ekki var skráð í Sauðadal sumarið 2009 en dalurinn verður að líkindum skráður í heild sinni síðar.

**Hvammur-49**

**Hlutverk:** Torfpurkunarstaður

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá er eftirfarandi sagt um stað þar sem torf var þurrkað: „Undan Urðinni kemur uppspretta, sem fjarlægist hana síðan og endar á háskriðunni, þar sem torfið var þurrkað.“ (ÖS, 9).

### **Lýsing**

Torfþurrkunarstaðurinn var ekki sérstaklega skráður 2009 þar sem engin mannvirki fundust á svæðinu.

### **Hvammur-50**

**Sérheiti:** Flói

**Hlutverk:** Náma

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Samkvæmt örnefnaskrá var reiðingsrista í Flóanum og var reiðingurinn fluttur að Landsendaskriðu og þurrkaður þar. Reiðingurinn var notaður til að breiða yfir hey og einnig í álagdsýnur á hesta og komu menn frá öðrum bæjum til að fá að rista torf (ÖS, 18).

### **Lýsing**

Búið er að ræsa flóann fram og landslag þar töluvert breytt.

### **Hvammur-51**

**Sérheiti:** Langadý

**Hlutverk:** Vatnsból

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

„Langadý er vatnsmikil uppspretta, skammt neðan við Urðina, og fellur niður í Krókakeldur. Dýið er út og niður frá Landsendanum.“ (ÖS, 16).

### **Lýsing**

Samkvæmt örnefnaskrá var fénu úr Ærhúsunum (**nr. 10**) brynnt í Langadýi, síðast um 1950 og var það öruggt vatnsból. Jafnframt er þess getið að dýið hafi gjörbreyst við vegagerð (ÖS, 16).

### **Aðrar upplýsingar**

„Það var örmjótt og djúpt og mikið vatn í því, og stundum voru í því smásilungar.“ (ÖS, 16).

### **Hvammur-52**

**Hlutverk:** Heytóft

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Í landamerkjalyýsingu frá 1891 segir að merki séu úr steini á gömlu tóftarbroti við Vatnsdalsá (Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1891), Hvammur).

### **Lýsing**

Skurður á sv landamerkjum Hvamms við Eyjólfsstaði og hefur tóftin að líkindum horfið við gerð hans. Hún fannst ekki við skráningu 2009.

### **Hvammur-53**

**Sérheiti:** Skinnhúfuklettur

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Í landamerkjalyýsingu frá 1891 segir að segir að varða sé á Skinnhúfuklettum (Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1891), Hvammur).

**Lýsing**

Varða var ekki skráð á Skinnhúfuklettum 2009 og óvíst er hvort hún stendur enn.

**Hvammur-54**

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í landamerkjaskrá frá 1891 segir að frá merkjasteini norðanvert við Partskvísl hafi landamerkin legið til austur í landamerkjavörðu á litlum melhól í fjallshlíðinni skammt fyrir ofan veginn (Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1891), Skjal nr. 242, Hvammur).

**Þjóðsögustaðir****Hvammur- 55**

**Sérheiti:** Landsendasteinn

**Hlutverk:** Þjóðsagnastaður

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Landsendasteinn er stór stakur steinn á Landsenda. Sú sögn fylgir steininum að tröllkona hafi hent staf sínum ofan af Hjallaklettum og hafi annar helmingur hans lent á Landsenda en hinn var hestasteinn í Hvammi (ÖS, 9).

**Lýsing**

Steinninn var ekki skráður 2009 en steinninn er þekktur á Landsenda og segja ferðabjónustubændur í Hvammi söguna sem honum fylgir þegar riðið er framhjá steininum í hestaferðum.

**Hvammur- 56**

**Hlutverk:** Þjóðsagnastaður

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Landsendasteinn er stór stakur steinn á Landsenda. Sú sögn fylgir steininum að tröllkona hafi hent staf sínum ofan af Hjallaklettum og hafi annar helmingur hans lent á Landsenda en hinn var hestasteinn í Hvammi (ÖS, 9).

**Lýsing**

Hestasteinn er enginn í Hvammi og virðist ekki hafa verið a.m.k. á 20. öld samkvæmt örnefnaskrá (ÖS, 9).

## Hof – söguágrip



Mynd 9. Horft til suðausturs heim að Hofi.

„Bærinn stendur í fögrum hvammi milli Hofsmela og Kötlustaðamela og er mjög skýlt þar, enda grær óvída fyrr á vorin. Aðalheyskaparland jarðarinnar er norðan Hofsmela og að mestu ræktað. Undir jörðina er nú lögð eyðijörðin Kötlustaðir, lítið býli, sem var í byggð til 1935. Jörðin er miðsvæðis í dalnum. Tveir skógræktarreitir og heimagrafreitur í öðrum. Norðan Hofsmela voru til forna Gróustaðir.“<sup>31</sup>

Ingimundur gamli nam allan Vatnsdal frá Helgavatni og Urðarvatni að austan og settist að á Hofi.<sup>32</sup> Í Vatnsdælu er því viðbætt að hann hafi reist Hof mikið, hundrað fet á lengd.<sup>33</sup> Hofs er getið í tvígang í Sturlungu, annars vegar í Þórðar sögu kakala þegar Þórður Sighvatsson reið um Vatnsdal og hefndi föður síns.<sup>34</sup> Hennar er einnig getið í Prestssögu Guðmundar góða en þar segir að Guðmundur góði hafi verið að Hofi um haustið árið 1200.<sup>35</sup>

Í Auðunarmáldaga frá 1318 um eignir Hvammskirkju segir að prestur taki 4 merkur í leigu af Hofi.<sup>36</sup> Árið 1369 selur Snorri Torfason Jóni Jónssyni Hof fyrir Vatnsenda og Hálsa í Skorradal með skógi og tilgreindum ítökum. Átti Hof þá samkvæmt Snorra eftirfarandi ítök í öðrum jörðum: torfskurð á Brúsastöðum og Gíslastaðajörð, selför í Múlavatnsheiði, engjateig

---

<sup>31</sup> Húnaþing II, 330.

<sup>32</sup> Íslendingasögur I, 132.

<sup>33</sup> Íslendingasögur VII, 38.

<sup>34</sup> Sturlunga II, 36.

<sup>35</sup> Sturlunga I, 144.

<sup>36</sup> DI II, 476.

á Hnjúki og reit í Sauðadal.<sup>37</sup> Árið 1416 kaupir Hallur Þorgrímsson Hof og Efri-Tungu í Vatnsdal af Árna Ólafssyni biskup í Skálholti.<sup>38</sup> Eitthvað virðist hafa verið óljóst með ítak um torfskurð Hof í Brúsastaðalandi eða að styr hefur staðið um málið því árið 1424 undirrituðu þeir Þorsteinn Sigurðsson og Arnar Kjartansson undir vitnisburðarbréf þess efnis að Hof hefði haft ítak í torfskurði á Brúsastöðum.<sup>39</sup> Og árið 1460 undirrita þeir Þorsteinn Magnússon og Einar Þorsteinsson vitnisburð þess efnis að Hof hafi haft ítak í torfskurði í Brúsastaða og Gilsstaðajörð.<sup>40</sup> Árið 1475 selur Jón ábóti á Þingeyrum Agli Grímssyni 40 hundruð úr Hofi í Vatnsdal með þeim sömu ítökum og talin eru hér að framan.<sup>41</sup> Sama ár gerðu þeir upp sín peningamál þeir Gísli Þorgilsson og Steindór Sölvason og fékk Gísli Oddfríði dóttur sinni fimm hundraða part í Hofi gegn tveggja hundraða sæmd frá Steindóri innan tólf mánaða og voru þeir þá kvittir.<sup>42</sup> Árið 1482 selur Steinþór Einari aftur 20 hundruð úr Hofslandi með samþykki Oddfríðar konu sinnar en færi þar á móti Fjós í Svartaárdal og níu hundruð að auki.<sup>43</sup> Árið 1480 kemur Hof fyrri í kaupmálabréfi þeirra Einars Oddssonar og Ásu Egilsdóttur en hún leggur m.a. fram 40 hundruð í Hofi.<sup>44</sup>

Kirkja var á Hofi tileinkuð Jóhannesi evangelista. Kirkju og kirkjugarðs er getið í Landnámu þar sem segir: „Í þann tíma kom út Friðrekr byskup með Þorvaldi Koðránssyni ok var at Giljá með þeim Ormi Koðránssyni og feðgum. Byskup var at haustboði at Óláfs, ok vígði byskup þar elda. Þar váru ok berserkir tveir, ok hét Haukr hvárrtveggi. Þeir váðu eldinn ok brunnu báðir, ok heitir þar síðan Haukagil. Þá tók Þorkell skírn ok allir Vatnsdælar. Hann lét kirkju gera at Hofi ok veitti þar gröft öllum þingmönnum sínum.“<sup>45</sup> Kirkjunnar er einnig getið í Þórðar sögu kakala (1243) þegar Þórður Sighvatsson hefnir föður síns og þeirra atburða er gerðust á Örlygsstöðum.<sup>46</sup> Kirkjunnar er ekki oft getið í Fornbréfasafni en til er skrá um eignir hennar frá 1470 þegar Gísli Þorgilsson eignaðist Hof. Ekki voru eignir kirkjunnar sérlega miklar: fimm kúgildi, þrjár klukkur, líknesi, kross með undirstöðum og tjald fyrir altari.<sup>47</sup> Það er þó ljóst af nýlegum fornleifafundi á Hofi þar sem í ljós kom kirkjugarður frá því fyrir 1104 að kirkja hefur verið þar frá fyrstu tíð og grafið heima, að minnsta kosti framan af. Í jarðabók frá 1706 er hálfkirkja á Hofi og tíðir veittar þegar heimamenn eru til sakramentis. Presturinn á Undirfelli þjónaði kirkjunni.<sup>48</sup>

## Ábúð

Hér að ofan er getið að einhverju leyti um eigendaskipti á jörðinni fram undir 1500. Þegar manntal er fyrst tekið á Íslandi árið 1703 eru sjö í heimili á Hofi var þá ábúandi og eigandi Sigríður Þorvarðardóttir ekkja og bjó hún þar ásamt vinnufólki.<sup>49</sup> Þegar yngri manntöl eru skoðuð<sup>50</sup> má sjá að oftast hefur verið tví- eða jafnvel þríbýli á Hofi. Þegar flest var, 1860, eru 18 skráðir til heimilis.<sup>51</sup>

<sup>37</sup> DI III, 250-1.

<sup>38</sup> DI IV, 248.

<sup>39</sup> DI IV, 314.

<sup>40</sup> DI V, 212.

<sup>41</sup> DI V, 770.

<sup>42</sup> DI V, 786.

<sup>43</sup> DI VI, 456.

<sup>44</sup> DI VI, 295.

<sup>45</sup> Íslendingasögur I, 138.

<sup>46</sup> Sturlunga II, 36.

<sup>47</sup> DI V, 589.

<sup>48</sup> Jarðabók 8. bindi, 296.

<sup>49</sup> <http://manntal.is/#>.

<sup>50</sup> 1835, 1840, 1845, 1850, 1855, 1860, 1870 og 1890.

<sup>51</sup> <http://manntal.is/#>.

## Jarðamat

Í jarðabók frá 1706 segir að ábúandi hafi sjálfur búið á jörðinni og var því hvorki landskuld né leigukúgildi en þegar leiguliðar voru á jörðinni var landskuld 2,5 hundruð og leigukúgildi 8. Kvikfénaður eru 5 kýr, 2 naut, 2 tveggja vetra og 1 veturgamalt, 69 ær, 34 tveggja vetra sauðir, óvíst um eldri sauði. 32 sauðir veturgamlir, 4 lömb, 4 hestar, 2 hross, 1 tveggja vetra foli annar veturgamall og 2 unghryssur. Hlunnindi eru lax og silungsveiði í Vatnsdalsá en sagt það sé lítið notað. Jörðin á reit í Sauðadal en ekki er getið fyrir hvaða skepnur sú beit er. Hofsteigur er engjatak í Hnjúksengi og sagt brúkast enn. Skógarhögg til kolagjörðar átti jörðin í Fljótstunguskógi sem og mótak var í Brúsastaðalandi og Gilsstaðalandi til skiptis. „Túinu er merkilega hætt fyrir skriðu, og hefur hún á vorum dögum að miklu skaða orði, sem nú er þó bættur, nema einn eyrisvöllur, hann hefur skriðan aleytt. Enginu grandar lækjarskriða úr fjalli, og líka stundum Vatnsdalsá með grjóti og sandi. Vatnsból þrýtur og er þá langt til að sækja. Beitarland fyrir vestan Vatnsdalsá eignar ekkjan jörðinni og kallar það Hofshólma; nú halda því Brúsastaðamenn, vide Brúsastaði.“ Jarðardýrleiki var 1706 metin 60 hundruð og voru 10 hundruð af því eignuð afbýlinu Kötlustöðum.<sup>52</sup> Í sóknarlýsingum Undirfellssóknar frá 1840<sup>53</sup> og jarðatali frá 1847 er jörðin sömuleiðis metin á 50 hundruð og Kötlustaðir á 10 hundruð og eru þá skráðar fátækraeign og segir Johnsen neðanmáls að svo hafi fyrst verið 1802 en jörðin hafi þar áður verið í bændaeign. Landskuld á Hofi er sögð 3 hundruð og kúgildi 8.<sup>54</sup> Samkvæmt nýju mati 1861 er Hof metin á 22,44 hundruð og Kötlustaðir (þar skráð hjáleiga) á 8,16 hundruð og eru jarðirnar því samtals metnar á 30,6 hundruð.

## Hjáleigur og sel

Í jarðabók 1706 segir að jörðin eigi selstöðu í Kornsarlandi undir Háeggjum í Víðidalsfjalli. Jafnframt segir að selið sé í notkun.<sup>55</sup>

**Gróustaðir.** Í Landnámu segir frá Gróu er bjó á Gróustöðum hjá Hofi, var hún sögð fjölkunnug. Hún bauð til veislu þeim Ingimundarsonum og fleirum en Þorstein dreymdi þrisvar að hann ætti ekki að fara til veislunnar. Hleypti Gróa þá skriðu á Gróustaði og dóu allir sem þar voru.<sup>56</sup> Í jarðabók 1706 segir: „hjáleiga af Hofi, bygð á fornu gerði fyrir 6 eður 7 árum [í kringum 1700].“ Landskuld var 40 álnir og greiddist í öllu því sem ábúandi gat borgað með. Leigukúgildi voru þrjú og greiddust í smjöri til landeiganda. Á jörðinni voru 2 kýr, 13 ær, 8 lömb, 1 hross og 1 hestur. Dýrleikinn var talinn með heimajörðinni og var eigandi sá sami en ábúandi var Bjarni Andrésson.<sup>57</sup> Gróustaða virðist hvergi getið í manntölum. Í eyðibýlaskrá Ólafs Olavíusar segir að jörðin hafi farið í eyði 1777.<sup>58</sup>

Afbýlið **Kötlustaðir** sem í dag eru í eign Hofsbænda en voru um tíma sjálfstætt býli. Í jarðabók segir: „Afbýli gamalt af Hofi [...]“. Eigandi var hinn sami og af heimajörðunni en ábúandi Jón Ásgrímsson. Landskuld 90 álnir „[...]“ og því so mikið, að landsdrottinn sjálfur geldur tíundir allar og hefur sveitar fyrirvar. Betalast í öllum gildum landaurum heim til landsdrottins.“ Leigukúgildi voru 4 og greiddust í smjöri til landeiganda. Kvikfé voru 3 kýr,

<sup>52</sup> Jarðabók 8. bindi, 296-297.

<sup>53</sup> Sýslu og sóknarlýsingar I, 71.

<sup>54</sup> Jarðatal Johnsen, 234

<sup>55</sup> Jarðabók 8. bindi, 296.

<sup>56</sup> Íslendingasögur I, 136.

<sup>57</sup> Jarðabók 8. bindi, 297-298.

<sup>58</sup> Ólafur Olavíus, 284.

53 ær, 3 tveggja vetra sauðir og 15 veturgamlir. Lömb voru 25, 1 hestur, 2 hross og 1 unghryssa.<sup>59</sup>

---

<sup>59</sup> Jarðabók 8. bindi, 297.

## *Fornleifaskráning– kort og yfirlitsmyndir er að finna aftast í skýrslu*

### **Hof-1**

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Gamli bærinn er horfinn hann stóð á sama stað og eldra íbúðarhúsið stendur í dag.

#### **Aðrar upplýsingar**

Úttekt var gerð á Hofi 1882 og þá samanstóð bærinn af eftirfarandi húsum: Skáli, göng frá baðstofu til bæjardyra, baðstofa, búr, eldhús (Úttektarbók Áshrepps (1883).

### **Hof-2**

**Hlutverk:** Kirkja

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Kirkja var frá fornu fari á Hofi en ekki er vitað hvar hún stóð. Sumarið 2009 komu hinsvegar upp mannabein við framkvæmdir í túni vestan og norðvestan við eldra íbúðarhúsið. Þar reyndist vera kirkjugarður frá því fyrir 1104 og hefur kirkjan að líkindum verið í miðju kirkjugarðsins eins og títt var um kirkjur á þeim tíma. Punktur var tekinn þar sem mannabeinin fundust og gera þarf ráð fyrir allt að 20m skekkju.



*Mynd 10. Horft yfir framkvæmdasvæðið þar sem mannabein komu í ljós.*

### **Hof-3**

**Hlutverk:**

Kirkjugarður

**Tegund:**

Fornleifafundur

#### **Staðhættir**

Sumarið 2009 komu upp mannabein við framkvæmdir í túni vestan og norðvestan við eldra íbúðarhúsið. Þar reyndist vera kirkjugarður frá því fyrir árið 1104 og fundust þar að minnsta kosti 9 beinagrindur.

### **Hof-4**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Fornleifafundur

#### **Staðhættir**

Í skurðinum þar sem mannabein komu upp við framkvæmdir 2009 fundust leifar torfveggjar. Ekki er vitað hvort hann hafi tilheyrt kirkjunni eða einhverju öðru mannvirki.

### **Hof-5**

**Hlutverk:** Fjós og hesthús

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Norðaustan við bæinn voru útihús sem nú hefur verið breytt í gistiheimili. Á túnakorti frá 1918 má sjá að þar voru fjós og hesthús sambyggt. Þau eru nú horfin undir aðrar byggingar.

### **Aðrar upplýsingar**

Úttekt var gerð á Hofi 1882 og þar segir að fjós sé fyrir 8 kýr, heytóft var við það (Úttektarbók Áshrepps (1883)). Óvíst er hvort fjósið var á sama stað 1918.

### **Hof-6**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 má sjá tvær heimreiðar, önnur liggur til austurs frá bænum (ÖS 1975: bls. 1).

### **Lýsing**

Heimreiðin sést ekki lengur.

### **Hof-7**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 má sjá tvær heimreiðar, önnur liggur til suðvesturs frá bænum að Vatnsdalsá (ÖS 1975, 1).

### **Lýsing**

Heimreiðin sést enn sem vegslóði í túninu og er hún enn í notkun.

### **Hof-8**

**Sérheiti:** Efri fjárhús

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 má sjá fjárhús við túnjaðarinn, rúma 150m suðaustur af gamla bænum.

### **Lýsing**

Búið er að rífa húsin en ennþá má greina útlínur þeirra og dældir á milli um 10-20sm djúpar. Stærð húsanna er 13x16m að utanmáli, hæð veggja er mest um 5sm og breidd þeirra 1,3m. Húsin snúa norðaustur/suðvestur með hlöðu til na. Dyr hafa snúið mót suðvestri.

### **Aðrar upplýsingar**

Efri fjárhús; Örnefni. Horfin og orðin að túni (ÖS ath., 1; ÖS 1975, 1). Úttekt var gerð á Hofi 1882, þar er aðeins getið um ein fjárhús og tóku þau 40 fjár (Úttektarbók Áshrepps (1883)). Óvíst er við hvor fjárhúsin er átt en líklegt er að um annaðhvort þeirra sé að ræða.

### **Hof-9**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Samkvæmt heimildamanni kom hleðslugrjót upp við plægingu, 2008-9, í túni um 170m suðaustur af íbúðarhúsinu og um 17m suður af Efri fjárhúsum. Bendir þetta til að eitthvert mannvirki hafi staðið þar en engar heimildir eru til um það. Hugsanlegt er að grjótið geti verið úr Efri fjárhúsunum frá því þau voru rifin.

**Hof-10****Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Rúmlega 120m suður (ssv) af núverandi íbúðarhúsi voru fjárhús, þau eru horfin en yngri fjárhús standa enn á sama stað í dag.

**Aðrar upplýsingar**

Fjárhúsin eru á túnakorti frá 1918. Úttekt var gerð á Hofi 1882, þar er aðeins getið um ein fjárhús og tóku þau 40 fjár (Úttektarbók Áshrepps (1883). Óvíst er við hvor fjárhúsin er átt en líklegt er að um annaðhvort þeirra sé að ræða.

**Hof-11****Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 má sjá matjurtagarð við suðausturhorn fjárhúsanna (**nr. 10**). Garðurinn er nú horfinn en punktur var tekinn af hnitúðu túnakorti og getur því verið einhver skekkja á honum. var kálgarður, sem merktur er á túnakort frá 1918, sem nú er horfinn að líkindum undir fjárhúsbygginguna.

**Hof-12****Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Um 10m sunnan við gamla bæinn var hús sem sjá má á túnakorti frá 1918. Ekki vissi heimildamaður hvaða mannvirki hefði verið þarna en nefndi að hugsanlega hefði staðið þarna eitthvert útihús s.s. smiðja eða skemma. Hnit eru tekin af hnitsettu túnakorti og því getur verið nokkur skekkja á þeim.

**Hof-13****Hlutverk:** Öskuhaugur**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Um 30 suður af gamla bænum var öskuhóllinn. Sléttað hefur verið úr honum en hann sést enn illgreinilega í túni.

## Hof-14

**Sérheiti:** Goðhóll

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Tóft

### Staðhættir

Goðhóll er norðaustur af bænum um 70x100m að utanmáli. Hóllinn er grasi gróinn og á honum eru tóftir og garðlög.

### Lýsing

Fyrir miðjum hóli er fjárhústóft með hlöðu eða heytóft og liggur hún í aflíðandi halla. Tóftin er aflöng og liggur norðvestur/suðaustur. Hún er 4,5x12m að utanmáli, veggir eru um 30-70sm á hæð, grónir grasi og mosa. Tóftin er tvískipt, að líkindum hlaða/heytoft til norðvesturs en fjárhús með garða til suðausturs.

### Aðrar upplýsingar


Goðhóll; Meint hof. Á hólnum eru tóftir sem ekki geta talist fornar. Sunnan og vestan við hólinn er gamall bogmyndaður garður (ÖS 1914, 1; ÖS 1975, 1).

### Friðlýst

**Hof.** Leifar fornrar „hofgirðingar“ á Goðahól, fyrir ofan túná Hofi. sbr. Árb. 1895: 4. skjal undirritað af MP 25.10.1930. Þinglýst 17.06.1931 (Ágúst Georgsson (1990), 42).



Mynd 11. Fjárhústóft á Goðhól, horft er til norðvesturs.



### Hof-15

**Sérheiti:** Goðhóll

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Tvenn garðlög eru á Goðhóli. Ytra garðlagið virðist hafa legið umhverfis hólinn en það sést ekki fyrir því á kafla að sunnan og austan.

**Lýsing**

Garðurinn er jarðsokkinn, alls um 122m á lengd og liggur norðan og vestan við hólinn, ekki samfelld þó. Það er um 40-70sm hátt og eru veggir um 2m á breidd. Það er gróið grasi og mosa og er rofið á köflum.



Mynd 12. Túngarðurinn þar sem hann liggur niður Goðhólinn til vesturs.

127m á lengd. Efst á Goðhól er hann um 30-70sm hár en lægri þar sem hann liggur niður brekkuna til vesturs eða um 20-50sm hár. Vestan við túnið er hann öllu hærri um 50-120sm, breidd veggjar er um 3,5m. Vestast þar sem garðurinn liggur upp á Goðhólinn hefur verið plantað í hann trjám.

**Aðrar upplýsingar**

Árið 2006 var hreinsað upp snið á innri garðinum. Í torfi fannst aska frá 1104 og frá árinu 1000 og er því ljóst að veggurinn var byggður eftir 1104. Undir garðinum voru mannvistarlög sem í voru bein og kol (Þór Hjaltalín, (2006), 37).

**Hættumat**

Hluta garðlagsins stafar mikil hættu af trjárækt.

### Hof-17

**Hlutverk:** Óþekkt, aðhald

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Upp við túngarðinn (**nr. 16**), austur endann, þar sem hann liggur upp á sem er vestan Goðhóls er minna garðlag.

### Hof-16

**Sérheiti:** Goðhóll

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Tvenn garðlög eru á Goðhóli. Innra garðlagið gæti verið hluti túngarðsins á Hofi.

**Lýsing**

Garðlagið liggur ofan af hólnum að norðan niður hólinn til vesturs þar sem hann hverfur á 30m kafla undir tún en verður aftur greinilegur vestan túnsins og liggur þar upp eftir skógi vöxnum mel, það er alls um

### **Lýsing**

Garðlagið er alls um 9m á lengd, 80sm á breidd og um 20-30sm á hæð og afmarkar hól uppi við hólbrekkuna. Það er um 4x8m að innanmáli, grasi gróið og virðist yngra heldur en garðurinn sem það liggur upp við. Hlutverk er óþekkt en það má hugsa sér að þarna hafi verið eitthvert aðhald fyrir dýr.

### **Hof-18**

**Sérheiti:** Goðhóll

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Mannvist

### **Lýsing**

Árið 2006 var snið tekið í innra garðlagið á Goðhóli sem leiddi í ljós að garðurinn hafði verið reistur eftir 1104. Undir garðinum fundust mannvistarlög sem í voru bein og kol. Af því má ráða að byggt hefur verið á hólnum áður en garðurinn var reistur.

### **Aðrar upplýsingar**

Árið 2006 var hreinsað upp snið á innri garðinum. Í torfi fannst aska frá 1104 og frá árinu 1000 og er því ljóst að veggurinn var byggður eftir 1104. Undir garðinum voru mannvistarlög sem í voru bein og kol (Þór Hjaltalín, (2006), 37).

### **Hof-19**

**Sérheiti:** Goðhóll

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Tóft

### **Staðhættir**

Suður undir Goðhóli er tóft.

### **Lýsing**

Tóftin liggur norðvestur/suðaustur með dyr mót suðvestri um 4x5m að utanmáli. Hún er grasi gróin og eru veggir um 10-50sm háir. Hugsanlegt er að þarna hafi staðið eitthvert gripahús sem miðað við stærð gæti verið hrútakofi eða eitthvað slíkt.

### **Hof-20**

**Sérheiti:** Goðhóll

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Dæld

### **Staðhættir**

Efst á hólnum, norðaustan við fjárhústóftina (nr. 16) voru skráðar tvær dældir.

### **Lýsing**

Dældirnar eru um 20sm djúpar, grónar grasi og mosa. Að líkindum eru þær hluti sömu byggingar og mæld var upp 2006 (sjá umfjöllun í Aðrar upplýsingar) sem tóft sem lá norðaustur/suðvestur. Það passar við legu dældanna. Mismunur í skráningu getur stafað af því að tóftin var ekki skráð á sama tíma árs og gróðurfar því ekki eins. Ef dældirnar tilheyra sömu byggingu hefur hún verið allt að 20m löng og að minnsta kosti 5m breið.

### **Aðrar upplýsingar**

Sigurður Vigfússon skrifar eftirfarandi í Árbók Fornleifafélagsins um Goðhól: „Uppi á hólnum sést, að einhver bygging hefir verið, því að þar sést glögt votta fyrir einum vegg, er liggir í austr og vestr. Enn til allrar ólukku hefir verið bygt stór fjárhús sunnan og vestan í hólnum, og hefir verið stungið upp í það bæði úr tóftinni og girðingunum, svo þar hafa kennimerki eyðilagzt.“ (Sigurður Vigfússon (1892), 122). Árið 2006 voru minjar skráðar á Goðhóli og eru niðurstöður birtar í ritgerð Þórs Hjaltalín (2006) þar sem segir að leifar

byggingar sjáist efst á hólnum sem liggja norðaustur/suðvestur (bls. 37). Um er að ræða tóftina sem hér er skráð.

#### **Hof-21**

**Sérheiti:** Goðhóll

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgröftur, tóft

**Staðhættir**

Niðurgröftur sker innra garðlagið sundur til norðvesturs.

#### **Lýsing**

Hlutverk er óþekkt en í niðurgreftinum virðist vera hleðsla a.m.k að hluta og sér í grjóti á nokkrum stöðum. Hann er ekki talinn mjög gamall, liggur nálega norður/suður og er um 20-120sm djúpur, grasi gróinn.



Mynd 13. Garðlagi (22) liggur til austurs upp á Garðhól.

#### **Hof-22**

**Sérheiti:** Garðhóll

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Rúmlega 70m norður af Goðhóli er garðlag.

#### **Lýsing**

Garðlagið er rofið á köflum og er það í þremur hlutum. Til austurs er það er um 2m á breidd og veggjahæð er um 30-60sm en til vesturs er hann aðeins um 80sm á breidd og 40-50sm hátt. Garðlagið er grasi og mosa gróið og er alls um 28m á lengd, það liggur

austur/vestur. Ekki er ólíklegt að þarna hafi túngarðurinn legið því að þegar hnitsett túnakort frá 1918 er lagt yfir loftmynd sést að túnið nær upp að garðlaginu.

#### **Hættumat**

Garðlaginu stafar hættu af frekara rofi.

#### **Hof-23**

**Sérheiti:** Paradís

**Hlutverk:** Vatnsból

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Rúma 220m suðaustur af íbúðarhúsinu var vatnsból sem nefnt var Paradís (ÖS 1975: bls. 1).

#### **Lýsing**

Punktur var tekinn eftir lýsingu heimildamanns. Hafi verið þarna hlaðinn brunnur sáust ekki merki hans lengur.

### Hof-24

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Í skógræktarreitnum sem er á hólnum norðan við bæinn var matjurtagarður, um 130m norðvestur af bænum.

**Lýsing**

Garðurinn liggur á milli trjána í stefnuna ana/vsv. Hann er um 25x17m á stærð og er garðlagið utan hans um 30-60sm hátt og 1m á breidd. Það er gróið.

**Hættumat**

Minjunum stafar mikil hættu vegna trjáræktar. Þótt ekki sé plantað í minjar getur rótarkerfi trjána verið mjög umfangsmikið og auðveldlega skaðað minjarnar.

### Hof-25

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgroftur

**Staðhættir**

Við suðvesturenda Pontu þar sem hún nær næstum saman við Vatnsdalsá er skurður.

**Lýsing**

Skurðurinn er handgraffinn um 14m á lengd. Hann er um 30-50sm breiður og 20-30sm djúpur.



Mynd 14. Handgraffinn skurður við sv enda Pontu. Horft er til norðausturs.



Mynd 15. Horft er til suðausturs, steinalögn fremst á mynd, Hof í baksýn.

### Hof-26

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Steinlögn

**Staðhættir**

Á Pontumel milli tjarnanna Pontu og Setukonu er steinalögn.

**Lýsing**

Hún er um 2,5x1,3m að utanmáli í einfaldri grjótröð en 2 stærri steinar eru til norðausturs en hleðslan liggur í stefnuna na/sv. Fuglaþúfa er við enda hleðslunnar. Hlutverk er óþekkt en útlit minnir á umbúnað heiðinna grafa. Um slíkt verður þó ekkert fullyrt nema með frekari rannsókn.

**Hættumat**

Minjunum stafar hættu af skógrækt.

### Hof-27

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Staðhættir**

Tæplega 30m suðaustur af steinlögn (skráð nr. 26) er grjóthleðsla.

**Lýsing**

Hleðslan er um 1x0,5m að stærð og um 10-20sm há. Norðan við hana er gróinn hringlaga blettur. Hlutverk er óþekkt en hleðslan virðist manngerð hugsanlega leifar heiðinnar grafar þó um það verði ekki fullyrt nema með frekari rannsóknum.

**Hættumat**

Minjunum stafar hættu af skógrækt.



Mynd 16. Grjóthleðsla fremst á mynd. Horft er til norðurs.

### Hof-28

**Hlutverk:** Óþekkt, heystæði, mókofi?

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Tæplega 60m suður af syðri enda tjarnarinnar Setukonu er tóft, hún er vestan við vegslóða sem liggur eftir melunum að túni sem er vestan Setukonu við Vatnsdalsá.

**Lýsing**

Tóftin snýr nv/sa og er um 4x9m að utanmáli. Engin veggjalög eru greinleg að innan og minnir tóftin helst til hey- eða mótóftar í útliti en staðsetning er ólíkleg nema það hafi verið heyjað eða mór tekinn vestan Setukonu. Hún er grasi gróin og um 20sm há.

**Hættumat**

Tóftinni stafar hættu af skógrækt.



Mynd 17. Hleðsla fremst á melbrún ofan Vatnsdalsár. Horft er í átt til Kötlistaða til suðausturs. Hof er lengst til vinstri á mynd.

### Hof-29

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Steinalögn

**Staðhættir**


Fremst á melbrún suður af Setukonu, beint ofan Vatnsdalsár er steinalögn.

**Lýsing**

Hún er um 1,5x1m að utanmáli og um 10sm á hæð. Hlutverk er óþekkt en útlit minnir um margt á umbúnað heiðinna grafa en um það verður ekki fullyrt nema með frekari rannsóknum.

**Hættumat**

Minjunum stafar hættu af skógrækt.



### **Hof-30**

**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Við norðurenda Setukonu er aflöng tóft sem liggur norðaustur/suðvestur.

**Lýsing**

Tóftin er tvískipt, veggjahæð er um 30sm, utanmál er 15x5m og hún er grasi gróin. Heytóft er til norðausturs en fjárhús til suðvesturs.

**Hættumat**

Tóftinni stafar hætta af skógrækt.

### **Hof-31**

**Hlutverk:** Stekkur?

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**

Við norðurenda Setukonu eru tvennar tóftir beitarhúsatóft (nr. 30) og vestan hennar óljósari tóft.

**Lýsing**

Tóftin er 8x11m að utanmáli, hugsanlega tví- eða þrískipt, lambakró til norðurs en rétt til suðurs. Hlið hefur verið á syðra hólfinu til austurs í átt að vatninu. Tóftin er grasi gróin og liggja veggirnir út frá brattri brekku, hæð þeirra er 20-40sm. Norðvestan við eru óljós veggjalög og hugsanlega er þar minna hólfi 3,5x3m að utanmáli.

**Hættumat**

Tóftinni stafar hætta af skógrækt.



Mynd 18. Hleðsla á hól á vestari bakka Setukonu. Við enda vatnsins eru tóftir stekkjar og beitarhúss.

### Hof-32

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Steinlögn

**Staðhættir**

Á vesturbakka Setukonu er hól og á honum er grjóthleðsla.

**Lýsing**

Hleðslan er um 1,5x2m að utanmáli og liggur í stefnuna austur/vestur. Hæð hennar er um 10sm. Hlutverk er óþekkt en hleðslan minnir um margt í útliti á heiðna gróf þó slíkt verði ekki fullýrt nema með frekari rannsókn.



Mynd 19. Yfirlitsmynd yfir Gróustaði. Lengst til vinstri er tóft (nr. 37), næst til hægri er bæjartóftin(?) (nr. 33) og hægra megin hennar tóft (nr. 36). Ofar á mynd er Mógil (nr. 45) og til hægri við endann á bilum er tóft (nr. 35).

### Hof-33

**Sérheiti:** Gróustaðir

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

**Staðhættir**


Fornbýlið Gróustaðir eru um 1,-1,4km norður af Hofi. Þeir eru austan (ofan) þjóðvegur og ekki er ólíklegt að einhverjar tóftir hafi skemmst við vegagerð en sú tóft sem vestast liggur er horfin að hluta. Býlið stendur á grónum bala, Gróustaðalækur rennur sunnan við bæinn og norðan við hann er afgirtur skógræktarreitir kallaður Hofsskógur.

## Lýsing

Tóftin sem er líklegust til að vera bæjartóft liggur norðaustur/suðvestur, er 13-15m að utanmáli og samanstendur af u.þ.b. 9 samföstum tóftum eða hólfum. Tóftirnar eru nánast algrónar grasi og mosa, veggir eru jarðsokknir og um 20-50sm á hæð. Framhlið bæjarins hefur að líkindum snúið mót suðvestri og vísa þrennar dyr þangað. Nyrst og vestast er hólfi með dyrum mót suðvestri og þar sunnan við er þrískipt hólfi og innangengt er á milli þeirra allra. Dyr eru á því til suðvesturs. Þar sunnan við eru dyr á tvískiptu hólfi og virðist innangengt í hólfi sem liggur þvert á húsin sem list er hér framar. Til norðausturs eru hólfin aflöng og snúa þvert á fremri hólfin, dyr eru á þeim og snúa mót norðri og suðri

## Aðrar upplýsingar

Í ornefnaskrá segir að á Gróustöðum séu grasivaxin tóftarbrot (ÖS 1914: bls. 1 ; ÖS 1975: bls. 3).



### Hof-34

**Sérheiti:** Gróustaðir

**Hlutverk:** Túngarður?

**Tegund:** Garðlag

### Lýsing

Um fjórum metrum austan og norðaustan við bæjartóftina er gróið garðlag um 11m langt og 2m breitt. Veggahæð er um 30-50sm. Garðlagið liggur í boga frá suðri til norðurs.

### Hof-35

**Sérheiti:** Gróustaðir

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Tóft

### Lýsing

Vestan við bæjartóftina (**nr. 33**) er fjórskipt tóft. Hún snýr nálega austur/vestur (ana/vsv) að líkindum einhverskonar gripahús. Tóftin er um 14x8m að stærð, veggir eru jarðsokknir 20-40sm að stærð. Hún er grasi gróin og veggir að hluta til komnir í þúfur. Þrennar dyr eru á tóftinni og snúa mót vestri og norðaustri.

### Hof-36

**Sérheiti:** Gróustaðir

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

### Lýsing

Rúmlega 10m suðvestur af bæjartóftinni (**nr. 33**) er tóft 3,5x4m að utanmáli. Tóftin er grasi gróin, veggir 20-30sm á hæð. Engar dyr sjást á tóftinni.

### Hof-37

**Sérheiti:** Gróustaðir

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

#### Lýsing

Suður af tóft (**nr. 36**) er tóft sem liggur norðaustur/suðvestur. Veggir eru töluvert rofnir og hlaupnir í þúfur. Girðingin meðfram þjóðveginum sker tóftina í sundur og er sá endi tóftar sem er utan girðingar (sv) mjög illa farin. Tóftin er 4,5x6m að utanmáli og veggir 20-30sm. Dyr sjást ekki á tóftinni.

### Hof-38

**Sérheiti:** Gróustaðir

**Hlutverk:** Úthús

**Tegund:** Tóft

#### Lýsing

Tæpa 30m nna af bæjartóftinni (**nr. 33**) er mosagróin tóft sem snýr nálega norður/suður. Breidd veggja er um 70sm og hæð þeirra 20-30sm á hæð. Utanmál tóftar er 3x4m og dyr snúa mót vestri.

### Hof-39

**Sérheiti:** Húsatóftarlaski

**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir


Í fjallsbrekkunni um 900m norðaustur af bænum eru beitarhúsatóft sem byggð er á eldri minjum.

#### Lýsing

Yngri tóftin eru aflöng 6x12m að utanmáli með dyrum mót suðvestri. Veggir eru um 30-50sm á hæð, grasi grónir en þó sér í grjót meðfram innveggjum.

#### Aðrar upplýsingar

Húsatóftarlaski (Hústóttarlaski); tóftir beitarhúsa (ÖS 1914, 2; ÖS 1975, 4).



### Hof-40

**Sérheiti:** Húsatóftarlaski

**Hlutverk:** Óþekkt, beitarhús?

**Tegund:** Tóft

#### Staðhættir

Í fjallsbrekkunni um 900m norðaustur af bænum eru beitarhúsatóft sem byggð eru á eldri minjum.

#### Lýsing

Fram undan beitarhúsatóftinni (**nr. 39**) er óljósari tóft sem liggur undir hina fyrrnefndu. Hæð veggja er 10-30sm, grasi grónir og með dyr mót suðvestri. Tóftin er um 5x5m að utanmáli.

## Minjar sem eru horfnar eða ófundnar

### Hof-41

**Sérheiti:** Kvíalaut/Kúalaut

**Hlutverk:** Kvíar

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir

Í örnefnaskrá segir að Kvíalaut hafi verið sunnan við Goðhóls og í henni kvíar. Kvíarnar eru horfnar og engin merki um þær fundust á vettvangi 2009.

#### Aðrar upplýsingar

Í athugasemdum við örnefnaskrá er lautin sögð heita Kúalaut ekki Kvíalaut.

### Hof-42

**Sérheiti:** Stekkjareyri

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Heimild

#### Lýsing

Eyrin er nú horfin vegna landbrots Vatnsdalsár og með henni stekkurinn.

#### Aðrar upplýsingar

Stekkjareyri er nefnd í örnefnaskrá þar sem segir að eyrin hafi horfið vegna ágangs Vatnsdalsár. Önnur örnefni tengd stekksnum er Stekkjarmelur sem er endi svonefnds Pontumels sem liggur milli Pontu og Setukonu (ÖS 1914: bls. 1; ÖS 1975: bls. 2).

### Hof-43

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir

Í örnefnaskrá segir frá áveitugörðum nyrst og vestast í landi Hofs: „Norðan Hofsmela er allstórt svæði sem í raun er framburðarland úr Meladal. Það heitir Grund. Neðan hennar og að Vatnsdalsá voru flæði- og áveituhólf sem hétu Syðstastykki, Litlastycki, Stóratjarnarstæði, Miðstycki og Krókagarðsmýri.“ (ÖS 1975, 2-3).

#### Lýsing

Öll þessi stykki eru nú komin undir tún og samkvæmt heimildamanni er búið að margvinna þau. Hann man ekki eftir áveitugörðum.

### Hof-44

**Sérheiti:** Krókagarðar

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir

Nyrst og vestast í Hofslandi voru áveitugarðar. Þarna er nú búið að þurrka upp allt land og garðarnir eru horfnir undir túnaræktun en þarna eru nú slétt tún alveg niður að árbakka Vatnsdalsár. Heimildamaður man ekki eftir áveitumannvirkjum og segir að búið sé að margvinna þessi tún.

#### Aðrar upplýsingar

Krókagarðar ; Krókóttur garður. Notaðir til að stífla vatn vegna áveitna (ÖS ath., 1; ÖS 1975, 3).

**Hof-45**

**Sérheiti:** Mógil

**Hlutverk:** Mógröf?

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Neðan við Gróustaði (vestan) og neðan þjóðvegur er Mógil (sjá örnefnaskrá frá 1975) og um það rennur Gróustaðalækur. Örnefnið bendir til þess að þar hafi verið mótekja en engin ummerki þess sást við skráningu 2009.

**Hof-46**

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Frá merkjasteini segir í landamerkjaskrá: „Að norðan eru merkin bein lína úr snidduhlaðinni vörðu á hólmanum fyrir vestan Kristínarbakka [...].“ (Úr landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1891), skjal nr. 245, Hof).

**Lýsing**

Varðan var ekki skráð 2009 en líklegt verður að teljast að hún sé horfin vegna landbrots af völdum Vatnsdalsár.

**Hof-47**

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Frá merkjasteini segir í landamerkjaskrá: „[...] fyrir vestan Kristínarbakka í markstein þann, sem settur er á bakka þennan og merktur er stöfunum L.M [...].“ (Úr landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1891), skjal nr. 245, Hof).

**Lýsing**

Þarna er enginn merkjasteinn lengur samkvæmt heimildamanni og er skurður á merkjum í dag.

## Saurbær – söguágrip



Mynd 20. Horft heim að Saurbæ.

„Bærinn stendur í brekkurótum gegnt Þórormstungu. Jörðin er frekar landlítil og erfitt um ræktun heima. Vatnsdalsá hefur herjað mjög á undirlendið en nú er landbrot heft með fyrirhleðslu. Nú er komið upp talvert nytjaland austan ár, en erfitt er að verja það vegna ísruðninga frá ánni, sem níðir girðingar. Mikil ræktun er komið „upp milli brúna.“ Jörðin er óðalsjörð.“<sup>60</sup>

Saurbæjar er fyrst getið í heimildum árið 1360 í máldaga Jóns biskups skalla Eiríkssonar fyrir Hólabiskupsdæmi. Þar segir að Grímstungukirkja eigi Saurteig í Saurbæjarlandi og greiða til kirkjunnar lýsistoll og heytoll. Jörðin er enn í eign kirkjunnar 1394.<sup>61</sup> Árið 1461 segir að jörðin eigi Saurteig og Saurbæjarland en í eldri heimildum segir Saurteig í Saurbæjarlandi.<sup>62</sup> Saurteigur þessi kemur fyrir í jarðabók frá 1705 en þar segir að prestur eignu Grímstungu Saurteig í Saurbæjarlandi en mun það ekki hafa verið notað í manna minnum.<sup>63</sup> Saurbær kemur fyrir í kaupmálabréfi Einars Oddssonar og Ásu Egilsdóttur frá árinu 1480, þá metin á 20 hundruð.<sup>64</sup>

---

<sup>60</sup> Húnaþing II, 342.

<sup>61</sup> DI III, 161; 541.

<sup>62</sup> DI V, 332.

<sup>63</sup> Jarðabók 8, bls. 281-82.

<sup>64</sup> DI VI, 295.

## Ábúð

Árið 1703 voru 5 manns í heimili á Saurbæ og 11 árið 1845 en þá virðist jörðin vera tvíbýl og helst svo fram yfir 1860 en einbýli virðist vera á jörðinni eftir það<sup>65</sup>. Árið 1706 er eigandi kóngl. Majestat og er hún talin ein af Vatnsdalsjörðum sem Lauritz Gottrup lögmaður hefur í sinni vörslu (forljening).<sup>66</sup> Árið 1847 er jörðin komin í bændaeign og er eigandi einn.<sup>67</sup>

## Jarðamat

Eins og getið er hér að ofan er jörðin metin á 20 hundruð í kaupmálabréfið frá 1480. Í jarðabók frá 1705 er hún enn metin á 20 hundruð og í jarðatali frá 1847. Þegar gert var nýtt jarðamat 1861 var jörðin metin á 15,3 hundruð.<sup>68</sup> Jörðin er í dag 534 hektarar.<sup>69</sup> Árið 1705 var landskuld 1 hundrað og leigukúgildi 4 og var það eins árið 1847.<sup>70</sup> Ábúandi 1705 hafði 4 kýr, 36 ær, 1 sauð veturgamlan, 25 lömb, 3 hesta, 1 hross og 1 tveggja vetra fola. Jörðin var talin geta fóðrað 4 kýr, 40 ær, 20 lömb og 4 hesta.<sup>71</sup>

## Fornbýli

Jarðabók Árna og Páls getur þess að munnmæli séu um að býlið **Brekkukot**<sup>72</sup> hafi verið byggt í Saurbæjarlandi til forna en enginn þekki neitt til þess og ummerkin eru girðingarleifar.<sup>73</sup>

---

<sup>65</sup> <http://manntal.is/Default.aspx#>. Þó ber að hafa þann fyrirvara á þessum upplýsingum að ekki er lokið skráningu úr öllum manntölum.

<sup>66</sup> Jarðabók 8, bls. 281.

<sup>67</sup> Jarðatal Johnsen, 234.

<sup>68</sup> Jarðabók 8, bls. 281; Jarðatal Johnsen, 234; Ný Jarðabók fyrir Ísland, bls. 96.

<sup>69</sup> <http://landbunadur.rala.is/undri/undri.nsf/fmNordVest?OpenForm&Start=1&Count=1000&Expand=2&Seq=1>

<sup>70</sup> Jarðabók 8, bls. 281.; Jarðatal Johnsen, 234.

<sup>71</sup> Jarðabók 8, bls. 281.

<sup>72</sup> Heimamenn kalla býlið Brekkulæk og vilja meina að býlið hafi staðið við samnefndan landamerkjalæk í norðri.

<sup>73</sup> Jarðabók 8, bls. 281.

## *Fornleifaskráning– kort og yfirlitsmyndir er að finna aftast í skýrslu*

### **Saurbær-1**

**Hlutverk:** Híbýli, fjós

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Bærinn stóð á sama stað og eldri hluti íbúðarhúss og verkstæði eru í dag (sjá kort aftast í skýrslu). Fjós var sambyggt bænum og kálgarður var sunnan bæjar. Ekki sjást lengur leifar af gamla bænum en heimildamaður sagði að enn kæmi upp grjót vestan við bílskúrinn. Fjósið var norðan bæjar, sambyggt og mundi heimildamaður Sigrún Grímsdóttir (f. 1942) eftir fjósinu en það við norðurenda bílskúrsins. Sigrún er fædd og uppalin á Saurbæ.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í úttekt frá 1910 eru í gamla bænum eftirfarandi hús: Baðstofa, búr, eldhús, skáli þar sem áður var skemma, göng með bæjardyrum og fjós yfir 4 nautgripi (Úttektarbók Áshrepps (1910), Saurbær).

### **Saurbær-2**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 er sýndur matjurtagarður sunnan við bæinn.

#### **Lýsing**

Matjurtagarðurinn er horfinn og þarna er nú slétt tún. Punktur var tekinn eftir hnitsettu túnakorti og því getur verið nokkur skekkja á honum.

### **Saurbær-3**

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í úttekt frá 1910 er getið um fjárhús suður á túni (Úttektarbók Áshrepps (1910), Saurbær). Samkvæmt heimildamanni stóðu fjárhúsin á sama stað og fjárhúsin standa í dag um 130m ssa af bænum.

#### **Lýsing**

Húsin eru horfin undir yngri byggingar.

#### **Aðrar upplýsingar**

Sama fjárhús má sjá á túnakorti frá 1918 syðst í túninu. Í örnefnaskrá er þess getið að upp af fjárhúsunum heiti Húsagil og sunnan þess Húsamelur (ÖS, 2).

### **Saurbær-4**

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 er hesthús tæplega 90m austur af bænum, niður á túni.

#### **Lýsing**

Ekkert sér eftir af húsunum sem nú eru í sléttu túni. Húsin voru hnitsett eftir hnitsettu túnakorti og því getur verið einhver skekkja á þeim. Heimildamaður mundi ekki eftir tóft á þessu svæði og sagði það hafa verið stórpýft í sinni barnæsku, kjörinn leikstaður. Þarna var svo sléttað tún á milli 1950-1960.

### **Saurbær-5**

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 er hesthús við túnjaðarinn um 60m sv af bænum, ofan heimreiðar.

**Lýsing**

Í skógarreit nv af bænum eru illgreinanlegar tóftaleifar hesthússins. Ekki reyndist möguleiki að skrá útlínur tóftar vegna trjágróðurs en stærð hennar er 2x6m og hæð veggja 50sm.

**Hættumat**

Tóftunum stafar mikil hætta vegna trjáræktar.

### **Saurbær-6**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 er hús rúma 60m nnv af bænum, neðan heimreiðar. Húsið er nánast horfið undir slétt tún en dæld sést í túnið þar sem það stóð.

**Lýsing**

Dældin er um 2,5x6m u.þ.b. 10sm djúp og liggur norður/suður. Hlutverk hússins er ekki skráð á túnakorti eins og hin húsinn.

### **Saurbær-7**

**Sérheiti:** Hringhóll

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Rúmlega 80m norðvestur af verkstæðinu við íbúðarhúsið, tæplega 20m sv af dæld (**nr. 6**) er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er ferhyrnd um 6m að þvermáli og hæð veggja er um 10-40sm. Innri brún veggja er ógreinileg og aðeins um 10sm há en ytri brúnin um 30-40sm. Samkvæmt heimildamanni var þetta hænsnakofi.

**Aðrar upplýsingar**

Í svörum og ath.s. varðandi örnefnaskrá segir: „Hringhóll hét hól beint upp undan bænum í túninu við veginn þar sem túnið lá næst brekkunum. Þar voru einhverjar tóftir“ (ÖS SA, 2).

### **Saurbær-8**

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 er kálgarður um 30m vestur af fjárhúsunum (nr. 3).

**Lýsing**

Matjurtagarðurinn hefur verið í brekkunni neðan túngarðs (nr. 9). Hann er nú horfinn og mögulegt er að hann hafi farið undir veg. Hnit voru tekin eftir hnitugu túnakorti frá 1918 og því getur verið nokkur skekkja á þeim.

### Saurbær-9

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Staðhættir**

Túngarður sést á tveimur stöðum vestan túnsins.

#### Lýsing

Suðurendi nyrðra garðlagsins er um 16m norður af tóft (nr. 7). Það er 53m á lengd og 1m á breidd. Það er um 40-50sm á hæð og liggur frá suðri til nna í aflíðandi boga. Syðri hlutinn er rúmlega 80m suður og ssv af íbúðarhúsinu. Það er 56m langt og liggur meðfram þjóðveginum að austan í stefnuna ssa/nnv. Það er 10-130sm hátt og 1m á breidd. Við suðurendann beygir garðlagið eilítið til suðurs og hefur hugsanlega lent þar undir veg. Norðurendinn hverfur í skóg og hefur hann hugsanlega einnig lent undir veg. Í örnefnaskrá er sagt að garðlag hafi legið með túninu niður að norðan, líklegt er að það hafi verið hluti túngarðsins sem nú er horfinn undir tún. Samkvæmt heimildamanni var síðar girt á túngarðinn.

#### Aðrar upplýsingar

„Horn heitir holt rétt norðan við stekkjarbrot, sem er við ána skammt fyrir norðan garðlag það, sem liggur niður með túninu að norðan.“ (ÖS, 2-3).

#### Hættumat

Minjunum stafar hætta af trjárækt. Þó ekki sé plantað í minjar þá getur rótarkerfi nærliggjandi trjáa skemmt þær.



Mynd 21. Horft er í norðvestur eftir syðri hluta túngarðsins.



Mynd 22. Horft er til suðausturs inn Forsæludal.

### Saurbær-10

**Sérheiti:** Jöfnubáðugarða

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Staðhættir:** Í örnefnaskrá segir: „Jöfnubáðugarða er á stórum steini í brúninni nokkuð fyrir norðan og neðan Nónsteina, milli Beltanna, en ofar.“ (ÖS, 3-4).

#### Lýsing

Varðan stendur á stórum steini sem er um 100-110sm á hæð og um 2x2m að stærð. Hleðslan sjálf er um 80sm há, 1x1m að grunnmáli en mjókkar eilítið upp. Eitthvað er á

reiki með nafn á vörðum. Aðeins var 1 varða skráð 2009 og passar hún ekki við lýsingu á Jóku í athugasemdum Hjartar Jónssonar (sjá aðrar upplýsingar). Heimildamaður taldi að varðan sem skráð var (**nr. 10**) sé sú varða sem kölluð er Efribrúnarvarða.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í svörum og ath.s. varðandi örnefnaskrá segir: „Efribrúnarvarða var aldrei kölluð svo. Líklega er það sama varðan, sem við kölluðum Jóku. Hún var hlaðin upp á hallandi klöpp í efri brúninni, frekar há en ekki regluleg.“ (ÖS SA, 1).

#### **Saurbær-11**

**Sérheiti:** Saurbæjarsteinn

**Hlutverk:** Smalakofi

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Við sv landamerki Haukagils og Saurbæjar er steinn sem nefndur er Saurbæjarsteinn. Hann er um 3,6km suðvestur (vsv) af bænum.

#### **Lýsing**

Kofinn er sv undir steininum og er alveg hruninn, veggjahæð er mest um 10sm.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Einbúi heitir hóll vestur undan Tjarnarásnum sunnan til (vestur af suðurhluta Tjarnarásdrags). Vestur af honum, skammt frá Kornarárkvísinni, er stór steinn með litlu grjótbýrgi (smalabyrgi).“ (ÖS, 6-7). Kofans er einnig getið í athugasemdum við örnefnaskrá: „Það mun vera hóllinn þar sem smalakofinn eða hjástöðu-kofinn var byggður, og það var í tíð föður míns.“ (ÖS SA, 4).



Mynd 23. Hruninn smalakofi við Saurbæjarstein, Kornará i baksýn. Horf er til vesturs.

#### **Saurbær-12**

**Sérheiti:** Ullargil, Ullarlækur

**Hlutverk:** Örnefni

**Tegund:** Lækur

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Merkjagil er fyrir ofan veginn á merkjum að sunnan; Ullargil næsta gil þar fyrir norðan.“ (ÖS, 2).

#### **Lýsing**

Punktur var tekinn á Ullarlæk en hafa ber í huga að það er ekki nákvæm staðsetning á því hvar ullin var þvegin.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í svörum og ath.s. varðandi örnefnaskrá segir: „[...] framan af búskaparárum Jóns Hjartarsonar 1910-1925 var ullin þvegin í Ullarlæk [...].“ (ÖS SA, 3).

#### **Saurbær-13**

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Heimtröðin sést á túnakorti Saurbæjar og lá hún á sama stað og núverandi heimreið, til norðvesturs frá bænum. Punktur var tekinn af hnitaðri loftmynd og því getur verið einhver skekkja á honum.



Mynd 24. Horft til suðvesturs yfir Ástjörn. Hleðslan er vinstra megin steinsins og liggur girðingarefni í henni.

segir: „Varða var á melhól norðan við Leirtjörn (þá tjörn kölluðum við Kofatjörn) og dró hún nafn af smalakofa á Slóðhól, sem við kölluðum raunar aldrei Slóðhól.“ (ÖS SA, 2).

### Saurbær-14

**Hlutverk:** Smalakofi

**Tegund:** Hleðsla

### Staðhættir

Landamerki Áss og Saurbæjar liggja um Ástjarnir. Við sa enda austari tjarnarinnar (þeirrar stærri) á merkjum er stór steinn og undir honum smalakofi.

### Lýsing

Hleðslan sem er einföld liggur í vinkil upp við steininn, opin til sv í átt að tjörninni. Hún er mest um 15sm há og rúmlega 1x1m að stærð.

### Aðrar upplýsingar

Í athugasemdum við örnefnaskrá

### Saurbær-15

**Hlutverk:** Heytóft?

**Tegund:** Þúst

### Staðhættir

Á heiðarbrúninni rúmlega 1km suðvestur af bænum er þúst.

### Lýsing

Hún er grasi gróin og sker sig nokkuð úr umhverfi. Hún er nálega ferhyrnd og er þvermál um 3,5m og hæð veggja um 20-30sm.



Mynd 25. Horft er til norðausturs yfir gróna þúst fremst á mynd.

### Saurbær-16

**Hlutverk:** Vatnsból

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Í úttekt frá 1910 er 1kr. álag á brunnhús. (Úttektarbók Áshrepps (1910), Saurbær).

### Lýsing

Samkvæmt heimildamanni var brunnurinn ofan við bæinn á milli bæjarlækjar og heimtraðar. Heimildamaður segir brunninn ennþá sýnilegan en hann var ekki skráður á vettvangi. Hnit voru tekin eftir lýsingu heimildamanns og því getur verið nokkur skekkja á honum.

### **Aðrar upplýsingar**

Í Jarðabók Á. M. og P. V. segir að vatnsból hafi verið erfitt bæði um vetur og sumar. (JÁM, 280).

#### **Saurbær-17**

**Sérheiti:** Brekka

**Hlutverk:** Býli

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Brekka hét gamla býlið sunnan við Brekkulækinn niður við ána. Sést fyrir tóttum grænum og túngarði, en hefur verið lítið tún.“ (ÖS, 3). Nyrst í landi Saurbæjar (um 850m) rennur lækur um landamerkin og heitir Brekkulækur. Sunnan hans var býlið Brekka/Brekkukot.

#### **Lýsing**

Samkvæmt heimildamanni var býlið við lækinn en er nú komið undir tún (sléttað 1950-1960) og síðar skógrækt. Hún hafði alltaf heyrt býlið kallað Brekkulæk. Tóftir býlisins eru horfnar og ekki sáust nein ummerki þeirra við skráningu 2009 en hnit voru tekin eftir lýsingu heimildamanns, norðan við læk (Brekkulæk) og niður við á (Vatnsdalsá).

#### **Hættumat**

Þó minjar séu neðanjarðar getur þeim stafað mikil hætta af skógrækt en býlið er innan samningsbundins skógræktarreits og þegar hefur verið plantað í reitinn.

#### **Saurbær-18**

**Hlutverk:** Óþekkt, rétt

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Samkvæmt heimildamanni var tóft við suðurenda skógræktarinnar sem er ofan við bæinn um 70m sv af íbúðarhúsinu. Ekkert fannst við skráningu 2009 en taka ber fram að mikill gróður var á svæðinu.

### **Horfnar minjar og óstaðsettar**

#### **Saurbær-19**

**Sérheiti:** Brekka

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Brekka hét gamla býlið sunnan við Brekkulækinn niður við ána. Sést fyrir tóttum grænum og túngarði, en hefur verið lítið tún.“ (ÖS, 3).

#### **Lýsing**

Búið er að slétta túnið og síðar var plantað í það trjám, túngarðurinn sést því ekki lengur. Samkvæmt heimildamanni kemur enn grjót upp í túninu.

#### **Saurbær-20**

**Hlutverk:** Kofi

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í úttekt frá 1910 er álag á kofa sem sagður er niður á túni (Úttektarbók Áshrepps (1910), Saurbær). Óvíst er hvar sá kofi hefur staðið en á túnakorti frá 1918 er merkt hesthús og er það

eina byggingin sem hægt er að segja að sé niður á túni. Hugsanlega er um sömu byggingu að ræða.

#### **Saurbær-21**

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Heimild

##### **Staðhættir**

Í úttekt frá 1910 við ábúendaskipti lætur fráfarandi bóndi fjárhúskró (við fjárhúsin suður í túni) í stað Kúgildiskofa sem tók 14-16 kindur. Óvíst er hvar sá kofi hefur staðið (Úttektarbók Áshrepps (1910), Saurbær).

##### **Lýsing**

Heimildamaður hafði aldrei heyrt getið um Kúgildiskofa og hann fannst ekki við skráningu 2009. Hugsanlegt er að þarna séu minjar sem skráðar eru (**nr. 6**).

#### **Saurbær-22**

**Sérheiti:** Hringhóll

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Heimild

##### **Staðhættir**

Í svörum og ath.s. varðandi örnefnaskrá segir: „Hringhóll hét hóll beint upp undan bænum í túninu við veginn þar sem túnið lá næst brekkunum. Þar voru einhverjar tóftir“ (ÖS SA, 2).

##### **Lýsing**

Samkvæmt heimildamanni var Hringhóll kallaður Hóllinn í hennar minni. Tóftirnar eru horfnar og hóllinn skógi vaxinn.

#### **Saurbær-23**

**Hlutverk:** Kofi

**Tegund:** Heimild

##### **Staðhættir**

Í úttekt frá 1910 er 6kr. álag á kofa sunnan við bæ (Úttektarbók Áshrepps (1910), Saurbær).

##### **Lýsing**

Samkvæmt heimildamanni hefur verið tún þarna frá því hún man eftir sér (f. 1942) og mundi hún ekki eftir neinum tóftum þar.

#### **Saurbær-24**

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Heimild

##### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Horn heitir holt rétt norðan við stekkjarbrot, sem er við ána skammt fyrir norðan garðlag það, sem liggur niður með túninu að norðan.“ (ÖS, 3).

##### **Lýsing**

Stekkurinn fannst ekki við skráningu 2009 og fannst heimildamanni ekki ólíklegt að stekkurinn væri horfinn í gróður en mjög þykk gróðurþekja er á svæðinu norður af heimatúnunum í Saurbæ og í skógræktarreitunum.

##### **Aðrar upplýsingar**

Í svörum og ath.s. varðandi örnefnaskrá segir: „Stekkur kölluðum við rústir, sem stóðu nálægt ánni, þar sem lengst sézt til norðurs frá bænum. Þar voru uppistandandi veggir 1925.“ (ÖS SA, 3).

### **Saurbær-25**

**Sérheiti:** Gamlistekkur

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Gamlistekkur er upp undir brekknafótum skammt fyrir sunnan Brekkulækinn. S. J. segir Gamlastekk vera milli Djúpaskurðs og Stalla-Bjarnavörðu, neðan við brekkuna.“ (ÖS, 3).

**Lýsing**

Tóftin fannst ekki við skráningu 2009 og samkvæmt heimildamanni eru þær nú komnar undir tún og áður lækur grafið úr þeim.

### **Saurbær-26**

**Hlutverk:** Áveita?

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir að garðlag hafi ráðið mörkum, að norðan og neðan, engjastykkis sem nefndist Partur (ÖS, 2).

**Lýsing**

Þarna er nú komið slétt tún og garðlagið horfið.

**Aðrar upplýsingar**

Í svörum og ath.s. varðandi örnefnaskrá segir: „Tjörnin var í stykkinu, sem örnefnaskráin kallar Part. Garðar að norðan og neðan og þegar stíflað var útrennsli í norðausturhorni myndaðist tjörn[...]“ (ÖS SA, 3).

### **Saurbær-27**

**Sérheiti:** Selhóll

**Hlutverk:** Sel

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Selhóll heitir í fjallinu um 360m ofan við bæinn.

**Lýsing**

Örnefnið bendir til þess að þar hafi verið sel en engar minjar fundust við skráningu og vissi heimildamaður ekki til þess að þar hafi nokkurn tímann verið tóftir.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Efribrún er fyrir ofan mýrar á milli brúna. Efribrún er næsta brekka vestan við Selhól. [...] Selhóll er kippkorn fyrir sunnan Nónsteinadrag neðan við Efribrún milli Ullargils og Merkjagils. Selhólslaut er fyrir norðan Selhólinn. S.J. segir Selhólslaut vera vallendisblett suður af Nónsteinadragi, norður af Ullargilslæk.“ (ÖS, 4-5).

### **Saurbær-28**

**Sérheiti:** Kobba

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í svörum og ath.s. varðandi örnefnaskrá segir: „Varða var á melhól norðan við Leirtjörn.“ (ÖS SA, 2).

**Lýsing**

Varða fannst ekki við skráningu 2009.

### **Aðrar upplýsingar**

Í svörum og ath.s. varðandi örnefnaskrá segir: „Þessi varða var fjórköntuð vel hlaðin og jöfn við sig en ekki mjög há. Varðan var kölluð Kobba. Trúlega hlaðin af þeim sem gættu fjár þarna.“ (ÖS SA, 2).

### **Saurbær-29**

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

Í örnefnaskrá segir: „Að sunnan ræður bein lína vestan frá Kvísl, um Saurbæjarstein og Merkjavörðu austur undir Brún [...]“ (ÖS, 1).

### **Lýsing**

Varðan fannst ekki við skráningu 2009 og taldi heimildamaður líklegt að allar merkjavörður væru horfnar.

### **Saurbær-30**

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „[...] er skilur land milli Þórormstungu, og Haukagils og Saurbæjar, miðuð frá vörðu vestan til á Ássmóhelli í fornar fjárréttar rústir á svo nefndum Rjettarhólma.“ (ÖS, 1).

### **Lýsing**

Varðan fannst ekki við skráningu 2009 og taldi heimildamaður líklegt að allar merkjavörður væru horfnar.

### **Saurbær-31**

**Sérheiti:** Miðaftansvarða

**Hlutverk:** Kennimark/varða

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Miðaftansvarða var upp af lækjargilinu fyrir norðan bæinn. Samkvæmt S.J. var hún á brúninni í vestur af bænum [...]“ (ÖS, 4).

### **Lýsing**

Varða fannst ekki við skráningu 2009 og heimildamaður kannaðist ekki við þessa vörðu.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „[...] (er aðeins nokkrar hellur og löngu hrunin).“ (ÖS, 4).

### **Saurbær-32**

**Sérheiti:** Efribrúnarvarða (eða Jóka)

**Hlutverk:** Kennimark/varða

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Efribrúnarvarða er kölluð varða á Efribrúninni hér um í vestur af Nónsteinadragi (hér um bil vestur frá Nónsteinum).“ (ÖS, 4).

### **Lýsing**

Varða fannst ekki við skráningu 2009. Eitthvað er á reiki með nafn á vörðum. Aðeins var 1 varða skráð 2009 og passar hún ekki við lýsingu á Jóku í athugasemdum Hjartar Jónssonar (sjá aðrar upplýsar). Heimildamaður taldi að varðan sem skráð var (**nr. 10**) sé sú varða sem kölluð er Efribrúnarvarða.

**Aðrar upplýsingar**

Í svörum og ath.s. varðandi örnefnaskrá segir: „Efribrúnarvarða var aldrei kölluð svo. Líklega er það sama varðan, sem við kölluðum Jóku. Hún var hlaðin upp á hallandi klöpp í efri brúninni, frekar há en ekki regluleg.“ (ÖS SA, 1).

**Saurbær-33**

**Sérheiti:** Stalla-Bjarnavarða

**Hlutverk:** Kennimark/varða

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Samkvæmt D.D. er Stalla-Bjarnavarða á holti rétt fyrir norðan Gamlastekk, en S.J. segir hana vera á holti fyrir ofan veginn skammt fyrir sunnan Brekkulækinn.“ (ÖS, 3-4).

**Lýsing**

Varða fannst ekki við skráningu 2009.

## Brúsastaðir-söguágrip



Mynd 26. Horft frá nýja fjósinu heim að bæ á Brúsastöðum.

Í Húnaþingi II er bænum lýst svo: „Bærinn stendur á sléttum bala rétt neðan brekkna. Túninu hallar mót austri. Viðáttumikið ræktunarland er neðan brekkna, sumt mýrlent, en þurrir vallendisbakkar með ánni. Beitiland til hálsa stórt og gott. Í túninu sunnan og ofan við bæinn er Brúsahóll. Þjóðsagan segir að fé sé fólgið í honum og hafi tilraunir verið gerðar til að grafa eftir því, en þá hafi þeim, er að unni ætíð sýnst Þingeyrakirkja standa í björtu báli og því hætt.“<sup>74</sup>

Brúsastaðir koma fyrst fyrir í bréfi frá 1369 þar sem Snorri Torfason selur Jóni Jónssyni Hof í Vatnsdal fyrir Vatnsenda og Hálsa í Skorradal með skógi og tilgreindum ítökum. Átti Hof þá ítak í torfskurð í Brúsastaðalandi.<sup>75</sup> Vitnisburðarbréf er til frá árinu 1424 þar sem Þorsteinn Sigurðsson og Arnar Kjartansson þar sem þeir vott að „hafdr hefði verit torfskurdr fra hofi i uazdal.....i brusastada iord sua þeir uissu ok þa fann eingi ad sua þeir heyrdi.“<sup>76</sup> 18. júní 1460 er undirritað annað vitnisburðarbréf Gísla Þorgilssonar þess efnis: „ad hann visse ad biaurn audunarsonar bio a hofe i vazdal meir enn fyrir fioretige uetra ok hafde torfskurd j brusastada jaurd [...]“.“<sup>77</sup>

<sup>74</sup> Húnaþingi II, 346.

<sup>75</sup> DI III, 251.

<sup>76</sup> DI IV, 314.

<sup>77</sup> DI V, 212.

Bænhús mun hafa verið á Brúsastöðum og er þess fyrst getið 1461 þegar biskup Ólafur fór í vísitasíu í Húnavatnsþing, segir þar að bænhús sé niðri.<sup>78</sup> Árið 1474 selur Finnbogi Jónsson Agli Grímssyni jörðina Brúsastaði fyrir Vatnsdal fyrir Haftralæk í Aðaldal og nokkurt lausafé, er bænhús skuld á báðum jörðunum.<sup>79</sup>

## Ábúð og eignarhald

Þegar skoðuð eru manntöl frá 1703 og fram til 1901<sup>80</sup> virðist sem ekki hafi verið búið á Brúsastöðum 1855 en þar koma ekki fram neinar ábúendur. Þegar flest var í búi voru um 14 manns (1870) en fæstir 1703 en þá bjuggu 3 á jörðinni og var þá ábúandi Pétur Erlendsson ásamt eiginkonu og syni.<sup>81</sup> Árið 1706 var jörðin í eigu konungs og tilheyrði Þingeyrarklaustri. Ábúandi var sá hinn sami og 1703.<sup>82</sup> Jörðin var enn í eign klaustursins 1847.<sup>83</sup>

## Jarðamat

Í jarðabók frá 1706 er jörðin metin á 24 hundruð, landskuld var 1 hundrað og 40 álnir, leigukúgildi voru 5 og var leiga greidd í smjóri eða peningum ef smjör var ekki til.<sup>84</sup> Árið 1847 var dýrleikinn enn hin sami en landskuld var 1,20. Kúgildi áfram fimm.<sup>85</sup> Nýtt jarðamat var gert 1861 og var jörðin þá metin 19,3 hundruð.<sup>86</sup> Í jarðabók Árna og Páls segir skriður og lækir spilla túninu, engjar séu engar, nema að litlu leyti í úthögum, síðan prestur á Undirfelli tók að nýta Snælingsstaði sem Brúsastaðabændur höfðu notað lengi fyrir 20 álna toll til staðarhaldara á Undirfelli.<sup>87</sup>

Í úttekt á Þingeyrarklausturs jörðum frá 1865 er jörðinni svo lýst:

Ábúandi Þorbjörg Steingrimsdóttir. Nokkuð af jarðarhúsum hér er hrörlegt en sum í sæmilegu standi og hefir baðstofan og búið verið byggt í ekkjunnar og manns hennar sáluga ábúðartíð. Túnið er að miklu leyti slétt og greiðfært, sumstaðar þýft en í allgóðri rækt. Áður var túnið 12 dagasláttur en nú er það 14 dagasláttur og fást af því í meðalári hér um bil 140 hestar. Engjar voru hér áður litlar og snöggslegar en hafa mikið verið bættar með vatnsveitingu. Hefir í [því] tilliti verið hlaðinn langur og öflugur fyrirstöðugarður og grafnir fyrirstöðugarðar úr Vatnsdalsá, sem henni er veitt um í flóðum, og mætti enn bæta hér engi með því að hafa fleiri fyrirstöðugarða. Mikið mætti líka auka út túnið og bæta með því að skera fram mýrar fyrir neðan það og girða ef hægt væri, en víða er óhægt að fá brúkanlegt efni í túngarð nema flytja það að. Ekki er heldur hægt að fá grjót til muna. Jörðin er mjög landlítill. Sumarhagar allgóðir en vetrarheit getur vart heitið í meðallagi. Hér er stór maturtagarður og gefst hann allvel.

Árið 1881 segir:

Ábúandi Jón Jónsson. Byggingarbréf hans frá 1878 ákveður að hann árlega hlaði 15 faðma af túngarði og hefir ábúandinn fullnægt því. Líka hefir hann eftir lofordi sínu þegar hann fór að jörðunni hlaðið 111 faðma langan túngarð sem vantaði á skylduvinnu hins fyrra ábúanda. Túngarður þessi er mestpart þrephlaðinn torfgarður. Hér að auki hefir hann starfað töluvert að vatnsveitingum á harðvellisengi jarðarinnar,

<sup>78</sup> DI V, 353.

<sup>79</sup> DI V, 761,770, 807-8.

<sup>80</sup> Þau manntöl sem víðað við eru fyrsta manntal á Íslandi frá 1703 svo 1835,1840,1845,1850,1855,1870,1890 og 1901.

<sup>81</sup> <http://manntal.is/#>

<sup>82</sup> Jarðabók 8, bls. 278.

<sup>83</sup> Jarðatal Johnsen 233.

<sup>84</sup> Jarðabók 8, bls. 278.

<sup>85</sup> Húnaþing II, 342; Jarðatal Johnsen 233.

<sup>86</sup> Ný Jarðabók fyrir Ísland, 95.

<sup>87</sup> Jarðabók 8, bls. 278-279.

bæði með skurðum og fyrirstöðugörðum, og er heldur góð von um að verk þetta verði til bóta. Hús jarðarinnar eru í allgóðu standi.<sup>88</sup>

---

<sup>88</sup> ÞÍ. Skjalasafn umboðanna. Þingeyraklaustursumboð VI/1.

### **Brúsastaðir-1**



Mynd 27. Gamli bærinn á Brúsastöðum. Matjurtagarður er fremst á mynd og að líkindum fjárhúsin lengst til vinstri. Myndin er í eign Héraðsskjalasafns Skagfirðinga og birt með leyfi. Ljósmynd: Bruno Schweizer, mynd tekin á tímabilinu frá 1935-1938.

**Hlutverk:** Bæjarhóll

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Bærinn stóð austan við núverandi íbúðarhús, frammi á hlaðinu (sjá kort aftast í skýrslu). Hann er horfinn og þar komið bílaplan.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Bæjarhóll, hóllinn, sem bærinn stendur á.“ (ÖS 1941, 1). Í úttekt frá 1883 samanstendur bærinn af eftirfarandi húsum: Baðstofu, göngum frá baðstofu til anddyris, búi, eldhúsi og smiðju (Úttektarbók Áshrepps (1883).

### **Brúsastaðir-2**

**Hlutverk:** Fjós

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Fjosið var norðan við bæinn (sjá túnakort 1918) þar sem nú er malarplan. Húsin sjást ekki lengur en punktur var tekinn af hnitugu túnakorti og því getur verið nokkur skekkja á honum.

**Aðrar upplýsingar**

Í úttekt frá 1883 segir að fjós sé yfir 8 nautgripi (Úttektarbók Áshrepps (1883).

**Brúsastaðir-3****Hlutverk:** Tröð**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Heimtröðin var á sama stað og í dag og er hún því horfin undir malarborna heimtröð.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Bóndavöllur, frá Bæjarlæk að heimreiðargötu. [...] Vinnumannavöllur, milli heimreiðargötu og Húsalækjar.“ (ÖS 1941, 1).

**Brúsastaðir-4****Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 er matjurtagarður beint sunnan við gamlabæinn. Punktur er tekinn eftir hnitugu túnakorti og gæti því verið einhver skekkja á honum.

**Lýsing**

Samkvæmt heimildamanni, Gróu Margréti Lárusdóttur bónda á Brúsastöðum, náði garðurinn alveg suður að skurði. Þarna er landslag nokkuð breytt núna og gamli garðurinn horfinn.

**Brúsastaðir-5****Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Tvenn fjárhús eru merkt á túnakorti frá 1918 norðarlega í túninu tæplega 160m nnv af gamla bænum.

**Lýsing**

Samkvæmt heimildamanni Gróu Lárusdóttur bónda á Brúsastöðum voru fjárhúsin á sama stað og fjárhúsin standa í dag.

**Aðrar upplýsingar**

Í ath.s. varðandi örnefnaskrá segir: „Fjárhús stóðu á Húsatúni og eru enn. Ný fjárhús og heyhlöður hafa byggzt upp á rústum þeirra gömlu. Engin merki sjást nú eftir aðra smákofa, sem voru nokkuð dreift um túnið.“ (ÖS 1986, 2).

**Brúsastaðir-6****Hlutverk:** Fjárhús**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Tvenn fjárhús eru merkt á túnakorti frá 1918 norðarlega í túninu um 130m nnv af gamla bænum.

**Lýsing**

Samkvæmt heimildamanni Gróu Lárusdóttur bónda á Brúsastöðum voru fjárhúsin á sama stað og fjárhúsin standa í dag.

**Brúsastaðir-7****Hlutverk:** Matjurtagarður**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 má sjá matjurtagarð sunnan við bæjarlækinn og í örnefnaskrá segir að Kálgarður hafi verið sunnan við Brúsaól (ÖS 1987, 1).

### **Lýsing**

Nýr vegur var lagður nokkuð neðan við gamla veginn ofan við Brúsastaði og liggur nú við Brúsaólinn. Hóllinn er þarna enn að hluta en matjurtagarðurinn er horfinn. Punktur er tekinn eftir hnituðu túnakorti og gæti því verið einhver skekkja á honum.

### **Brúsastaðir-8**

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 er hesthús norðarlega í túninu um 150m norðan við gamla bæinn.

### **Lýsing**

Búið er að rífa húsinn og þarna er nú slétt tún. Punktur er tekinn eftir hnituðu túnakorti og gæti því verið einhver skekkja á honum.

### **Brúsastaðir-9**

**Hlutverk:** Hesthús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Syðst í túni voru hesthús og rétt um 160m ssa af gamla bænum (sjá túnakort frá 1918).

### **Lýsing**

Samkvæmt heimildamanni var sléttuð úr hesthúsinu þegar hún var barn að aldri en fyrir um 3 árum (nú 2009) var túnið unnið upp aftur og þá kom upp mikið af grjóti og öðru efni úr húsunum. Punktur er tekinn eftir hnituðu túnakorti og gæti því verið einhver skekkja á honum.

### **Brúsastaðir-10**

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Syðst í túni voru hesthús og rétt um 160m ssa af gamla bænum (sjá túnakort frá 1918).

### **Lýsing**

Suðaustan við hesthúsinn (**nr. 10**) var rétt. Búið er að rífa hana og þarna nú slétt tún. Punktur er tekinn eftir hnituðu túnakorti og gæti því verið einhver skekkja á honum.

### **Brúsastaðir-11**

**Sérheiti:** Brunnhústunga

**Hlutverk:** Brunnhús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Rúmlega 80m norðaustur af íbúðarhúsinu var áður brunnur. Þarna er nú búið að þurrka upp svæðið með skurðum og það sem eftir sést er vatnsuppspretta í einum þeirra.

### **Aðrar upplýsingar**

Björn Kristjánsson segir að ekki sjást merki um Brunnhús á Brunnhústungu lengur og að uppþurrkunarskurðir einkenni þetta svæði nú (ÖS 1986, 1). Í annarri örnefnaskrá segir hann vatnið sem sótt var þangað hafi þótt vera gott.“ (ÖS 1987, 1).



Mynd 28. Horft er heim að bæ, Torfhóll er fremst á mynd.

### **Brúsastaðir-12**

**Sérheiti:** Torfhóll

**Hlutverk:** Torftökustaður

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Torfhóll er um 1200m asa af bænum, gróið og þýft holt.

**Lýsing**

Engin mannvirki sáust á hólnum.

**Aðrar upplýsingar** Í örnefnaskrá segir: „Torfholt var eingöngu notað til þess að þurrka torf á [...]. Þótti líklega betri torfrista þar en í nánd við Torfhól. Einnig gæti það hafa ráðið, að hægt var að flytja torfið heim á hestvagni frá Torfholti.“ (ÖS 1986, 4).

### **Brúsastaðir-13**

**Sérheiti:** Torfholt

**Hlutverk:** Torfþurrkunarstaður

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Torfholt var tæplega 600m ssa af bænum þar sem nú eru slétt tún og ekki sjást minjar um hól eða torfristu þar.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Torfholt var eingöngu notað til þess að þurrka torf á [...]. Þótti líklega betri torfrista þar en í nánd við Torfhól. Einnig gæti það hafa ráðið, að hægt var að flytja torfið heim á hestvagni frá Torfholti.“ (ÖS 1986, 4). Í annarri örnefnaskrá segir: „Torfrista var í Flóa, og var torfið flutt á hrossum til þurrkunar á Torfholti.“ (ÖS 1987, 2).

#### **Brúsastaðir-14**

**Sérheiti:** Ullargil

**Hlutverk:** Þvottastaður

**Tegund:** Heimild **Staðhættir**

Lítill foss er í bæjarlæknum ofan við veg um 50sm vsv af Brúsaþóli. Heimildamaður þekkti ekki til Ullarfoss og því var punktur tekinn samkvæmt lýsingu í örnefnaskrá.

**Aðrar upplýsingar**

Um Ullargil segir: „Algenzt var, að ull væri þvegin við fossinn, meðan slík verk tíðkuðust. Ullin var breidd til þerris í brekkunni í kring.“ (ÖS 1986, 6).

#### **Þjóðsagnastaðir**

#### **Brúsastaðir-15**

**Sérheiti:** Huldufólkslout

**Hlutverk:** Álagablettur

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Huldufólkslout, djúp, bogamynduð lout niður í Börðum, beint upp af norðasta stekkjarbroti á Hólmunum, full af grasi, en aldrei slegin.“ (ÖS 1941, 3).

**Lýsing**

Lautin er að mestu horfin núna vegna framkvæmda við fjósbyggingu.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá kemur fram að Huldufólksbraut hafi verið álagablettur (ÖS 1986, 4).



Mynd 29. Horft til asa yfir austurhluta Brúsaþóls.

#### **Brúsastaðir-16**

**Sérheiti:** Brúsaþóll

**Hlutverk:** Álagablettur

**Tegund:** Hóll

**Staðhættir**

Brúsaþóll er sunnan við bæjarlækinn við ræsið á veginum, tæplega 50m ssv af íbúðarhúsinu.

**Lýsing**

Hóllinn er vel gróinn en aðeins austurhluti hans er eftir en hinn helmingur hólsins fór undir veg.

**Aðrar upplýsingar**

Samkvæmt örnefnaskrá á að hafa verið gerðar tilraunir til að grafa eftir

gullinu sem á að vera í hólnum en þá hafi mönnum ætíð sýnst Þingeyrakirkja standa í björtu báli og því verið hætt við verkið. Önnur sögn er um að bæjarhúsin brynna, ef grafið væri í hólinn. Þar segir einnig: „[...] stór hóll. Sé miðað við aðra hóla, sem voru í túninu, er það rétt, en fyrir tveimur árum, nánar tiltekið 1984, var vegurinn færður svolítið til austurs, og kom hann þá inn í túnið á parti. Þannig lentu hlaðinn grjótgardur og vesturhluti Brúsaþóls undir veginum. Það var trú manna, að fjársjóðurinn væri fólgin austast í hólnum. Verkstjórnarmenn vegagerðarinnar virtu þjóðtrúna, svo að austurendi hólsins heldur sér. Núna er hóllinn lítið áberandi, virkar rétt eins og svolítið útskot í vegarkanti.“ (ÖS 1986, 2).

### Brúsastaðir-17

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Á Ljótarmel við landamerki Brúsastaða og Áss, um 1,25km asa af bænum er varða.

**Lýsing**

Varðan er stæðileg, stendur á gróðurbletti á annars gróður-snauðum mel. Hún er um 100-110sm há.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Ljótarmelur er hár og stór melur sunnan við Vaðhvamm. Fellur áin að honum að austan. Er hann á merkjum milli Brúsastaða og Áss, með vörðu á.“ (ÖS 1941, 3).



Mynd 30. Horft af Ljótarmel í átt að Brúsastöðum (nv).



Mynd 31. Horft er til norðausturs.

heitir Miðaftansvarða. Frá bænum séð var sól yfir vörðunni á miðjum aftni. Greinilega eyktamark og nýtt örnefni.“ (ÖS 1986: bls. 5).

### Brúsastaðir-18

**Sérheiti:** Vörðubrún/  
Miðaftansvarða

**Hlutverk:** Kennimark

**Tegund:** Varða

**Staðhættir**

Á svonefndri Vörðubrún um 870m vsv af bænum er varða.

**Lýsing**

Varðan er sæmilega stæðileg þótt nokkuð sé hrunið úr henni. Hún er um 70-80sm há.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Vörðubrot stendur enn á Vörðubrún og

## Horfnar minjar og óstaðsettar

### Brúsastaðir-19

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

**Lýsing**

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Stykki liggur yzt við merki, niður af Mýrinni, nær ofan að á, og að stíflugarði, er takmarkaður það að sunnan.“ (ÖS 1941, 2).

### Brúsastaðir-20

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir af áveitugörðum: „Þríhyrna, engjaspilda neðst á Norðurhólma. Dregst í odda norður á við, takmarkast þar af tveimur görðum að vestan og austan.“ (ÖS 1941, 2).

**Lýsing**

Samkvæmt heimildamanni eru áveitugarðarnir horfnir vegna túnasléttunar.

### Brúsastaðir-21

**Hlutverk:** Áveita

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir af áveitugörðum: „Þríhyrna, engjaspilda neðst á Norðurhólma. Dregst í odda norður á við, takmarkast þar af tveimur görðum að vestan og austan.“ (ÖS 1941, 2).

**Lýsing**

Samkvæmt heimildamanni eru áveitugarðarnir horfnir vegna túnasléttunar.

### Brúsastaðir-22

**Hlutverk:** Túngarður

**Tegund:** Heimild

**Lýsing**

Hvergi sjást leifar af túngarði á Brúsastöðum og er hann að líkindum horfinn vegna túnasléttunar, vegagerðar og skurðgraftar.

**Aðrar upplýsingar**

Þegar þjóðvegurinn var færður til austurs árið 1984 lenti hlaðinn grjótagarður, hluti túngarðsins, undir veginum. (ÖS 1986, 2).

### Brúsastaðir-23

**Sérheiti:** Bræðratóft

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Bræðratóft, hóll með gömlu tóftarbroti, norðan við túnið.“ (ÖS 1941: , 2).

Hóll var á landamerkjum Brúsastaða og Snælingsstaða þar sem nú er skurður og tóftin því horfin.

**Brúsastaðir-24****Hlutverk:** Stekkur**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Þrír stekkir sem lágu við Síkið svokallað eru nú komnir undir tún og því horfnir.

**Aðrar upplýsingar**

Í athugasemdum Björns Kristjánssonar frá 1986 segir: „Þarna [Björn er spurður hvort að svonefndur Rindi nái að Stykki eða Stekkjum] mun vera átt við stekki, en það voru þrjú tóftabrot á Hólma með stuttu millibili.“ (ÖS 1986, 3). Þar segir einnig: „Ekki [er ljóst] hvenær fráfærur lögðust af á Brúsastöðum, en ekkert hefir verið fært frá eftir 1903. Fráfærur lögðust að mestu niður í Vatnsdal harðindavorið 1906.“ (ÖS 1986, 4).

**Brúsastaðir-25****Hlutverk:** Stekkur**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Þrír stekkir sem lágu við Síkið svokallað, það er nú komið undir tún og stekkirnir (**sjá nr. 24**) því horfnir með túnasléttun.

**Brúsastaðir-26****Hlutverk:** Stekkur**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Þrír stekkir sem lágu við Síkið svokallað, það er nú komið undir tún og stekkirnir (**sjá nr. 24**) því horfnir með túnasléttun.

**Brúsastaðir-27****Sérheiti:** Skeiðmelur**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Skeiðmelur liggur út og suður fyrir vestan Torfur, upp af Ljótarmel, rennisléttur.“ (ÖS 1941, 3). Í örnefnaskrá segir að gata hafi legið um Skeiðmel sem hafi jafnframt verið frábær skeiðvöllur (ÖS 1986, 4). Leiðin er nú horfin í tún.

**Brúsastaðir-28****Sérheiti:** Flói**Hlutverk:** Torftökustaður**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Flói var suður af Torfhól er nú kominn undir tún.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Torfrista var í Flóa, og var torfið flutt á hrossum til þurrkunar á Torfholti.“ (ÖS 1987, 2).

**Brúsastaðir-29****Sérheiti:** Kofaás eða Dýjaflóaás**Hlutverk:** Smalakofi**Tegund:** Heimild

### **Lýsing**

Smalakofar fundust ekki við skráningu sumarið 2009.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Dýjaflóaás (Kofaás. yngra nafn), þurrlendisás, vaxinn hrísi og lyngi, liggur beint suður af Fellinu.“ (ÖS 1941, 4). Í örnefnaskrá segir: „[...] sögn um það, að smalar hafi byggt sér þar kofa, meðan fráfærur voru stundaðar. Engar rústir eða merki um mannabyggð hafa varðveitt.“ (ÖS 1986, 5).

### **Brúsastaðir-30**

**Sérheiti:** Vaðhvammur

**Hlutverk:** Vað

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Vaðhvammur var á milli Kollóttamels og Ljótarmels. Nú er áin búin að brjóta landið á milli melanna, svo að hvammurinn er horfinn - þar er nú vatn - og samfelldir melar fyrir ofan.“ (ÖS 1987, 2).

### **Brúsastaðir-31**

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Í landamerkjaskrá segir: „Frá Langholtsvörðunni (**nr. 33**) til vesturs í grjótvörðu á Miðmundarhæð og svo beint eptir þessari stefnulínu vestur í Kornsárkvísl.“ (Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1884), skjal nr. 4 Brúsastaðir).

### **Lýsing**

Varða fannst ekki við skráningu 2009.

### **Brúsastaðir-32**

**Sérheiti:** Langholtsvarða

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

### **Lýsing**

Varðan er horfin að sögn heimildamanns og vissi hún ekki nákvæmlega hvar hún hefði staðið.

### **Aðrar upplýsingar**

Í landamerkjaskrá segir: „Að sunnanverðu ræður grjótvörða á svonefndu Langholti og austur frá henni til grjótvörðu á Skeiðmel og annarrar á Ljótunnarmel [...]. Frá Langholtsvörðunni til vesturs í grjótvörðu á Miðmundarhæð og svo beint eptir þessari stefnulínu vestur í Kornsárkvísl.“ (Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1884), skjal nr. 4 Brúsastaðir).

### **Brúsastaðir-33**

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Í landamerkjaskrá segir: „Að norðanverðu verður Bræðratópt, sem er á milli bæjanna Brúsastaða og Snælingsstaða, og einkennd er með steini; frá henni beina stefnu í grjótvörðu, sem er á næstu brún á hálsinum, sem er austur undir Vatnsdalsá, [...].“ (Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1884), skjal nr. 4 Brúsastaðir).

**Lýsing**

Skurður er nú á landamerkjum Brúsastaða og Snælingsstaða og nær niður að Vatnsdalsá (kvísl úr ánni), varðan fannst ekki við skráningu og er að líkindum horfin.

**Brúsastaðir-34**

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í landamerkjaskrá segir: „Að sunnanverðu ræður grjóttvarða á svonefndu Langholti og austur frá henni til grjótvörðu á Skeiðmel og annarrar á Ljótunnarmel [...]“ (Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1884), skjal nr. 4 Brúsastaðir).

**Lýsing**

Varðan á Skeiðmel er horfin.

**Brúsastaðir-35**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá er getið um óglögg tóftarbrot í Leyni og Orfabrjót (ÖS 1987, 2). Bæði þessi örnefni eru sunnarlega í túninu. Engar heimildir eru um önnur mannvirki þar heldur en hesthús og rétt sem sjást á túnakorti frá 1918.

**Brúsastaðir-36**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Engin merki sjást nú eftir aðra smákofa, sem voru nokkuð dreift um túnið.“ (ÖS 1986, 2). Eins og sagt er í örnefnaskrá sést ekki fyrir þessum kofum/húsum lengur og staðsetning þeirra er ekki þekkt.

**Brúsastaðir-37**

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í landamerkjaskrá segir: „[...] og frá Bræðratópt til vestur í vörðu, sem er á næstu brún á hálsinum, og frá henni eptir þessari stefnulínu vestur í Kornsárkvísl.“ (Landamerkjabók Austur-Húnavatnssýslu (1884), skjal nr. 4 Brúsastaðir).

**Lýsing**

Varðan fannst ekki við skráningu 2009.

## Samantekt

Sumarið 2009 voru minjar skráðar á fjórum jörðum í Vatnsdal; Hvammi, Hofi, Saurbæ og Brúsastöðum. Alls voru skráðar 172 minjar úr heimildum og á vettvangi. Þar af voru 105 minjar, sem heimildir voru til um, horfnar eða fundust ekki við skráningu. Að meðaltali voru horfnar og óstaðsettar minjar 61% sem er nokkuð hátt hlutfall. Það má skýra að mestu leyti með minjafæð á Brúsastöðum og í Saurbæ. Báðar voru jarðirnar landlitlar og hefur því hlutfallslega stórum hluta þeirra verið umbylt í tún og því hafa minjar sem oft varðveitast vegna fjarlægðar frá túni horfið.

Flestar minjanna sem skráðar voru eru hefðbundnar landbúnaðarminjar frá 19.-20. öld, s.s. túngarðar, stekkir, beitarhús, réttir og gripahús innan túns. Þrjú fornbylí hafa varðveist að hluta, Gróustaðir á Hofi, Fosskot og Eilífsstaðir í Hvammi. Hjáleigurnar Ytra- og Syðra-Hvammkot í Hvammslandi og Brekkulækur í Saurbæjarlandi eru allar komnar undir tún.

Hof og Hvammur voru kirkjujarðir frá fyrstu tíð en staðsetning kirkna og kirkjugarða óþekkt að öðru leyti en því að mannabein hafa fundist við framkvæmdir á báðum jörðum. Í Hvammi við byggingu íbúðarhúss árið 1911 og á Hofi sumarið 2009 þegar grafið var fyrir rotþró. Fundurinn á Hofi var rannsakaður af fornleifafræðingum og kom í ljós að um var að ræða kirkjugarð, og mögulega kirkju, frá því fyrir 1104. Slíkir fundir gefa góða vísbendingu hvar kirkjan hefur staðið en hún var að öllu jöfnu innan kirkjugarðs.

| Jörð        | Heildarfjöldi fornleifa* | Horfnar minjar** | Óstaðsettar minjar*** | Horfnar/Óstaðsettar |
|-------------|--------------------------|------------------|-----------------------|---------------------|
| Hvammur     | 55                       | 15               | 18                    | 60%                 |
| Hof         | 47                       | 11               | 7                     | 40%                 |
| Saurbær     | 33                       | 15               | 7                     | 66%                 |
| Brúsastaðir | 37                       | 13               | 19                    | 86%                 |
| Samtals     | 172                      | 54               | 51                    | 61%                 |

\*Heildarfjöldi fornleifa eru allar fornleifar sem heimildir eru til um auk minja sem engar heimildir eru til um en sem fundist hafa á vettvangi.

\*\*Horfnar minjar eru þær sem horfnar eru af yfirborði en staðsetning þeirra er þekkt.

\*\*\*Óstaðsettar minjar eru þær sem heimildir eru til um en fundust ekki á vettvangi auk óskráðra minja.

### Fornleifar í landi Hvamms

Alls voru 55 fornleifar skráðar í Hvammi, úr heimildum og á vettvangi. Þar af voru 60% minjanna horfnar eða óstaðsettar. Grjóthlaðinn túngarður (**nr. 16**), heillegur á köflum liggur austan og sunnan gamla túnsins í Hvammi. Aðrar minjar innan túns sem hafa varðveist eru garðlög (**nr. 9**) sunnan í hól ofan bæjar þar sem voru matjurtagarðar. Flest útihúsanna eru horfin undir yngri byggingar en leifar fjárhúsa (**nr. 10**) og hesthúss (**nr. 11**) hafa varðveist nyrst í gamla túninu. Aðeins sjást eftir dældir þar sem fjárhúsið stóð en grjóthlaðnar veggheðslur standa enn eftir af hesthúsinu. Fjögur kot eða hjáleigur voru í Hvammslandi. Suður af túninu var *Syðra-Hvammkot* sem nú er horfið í slétt tún. Norðan við bæinn var *Ytra-Hvammkot* (**nr. 17**) og stóð býlið þar sem síðar voru reist fjárhús sem nefnd voru Kothús (**nr. 15**). Nokkru sunnan við bæinn við fjallsrætur eru leifar býlisins *Eilífsstaða*. Túngarðurinn (**nr. 19**) sést vel að hluta en minjar innan hans eru óljósari, veggjabrot og garðleifar (**nr. 20**). Skriða liggur yfir suðurhluta býlisins og hefur rutt út túngarðinum og hugsanlega einhverjum húsum. Sunnan Eilífsstaða er grjóthlaðin rétt, Leynirétt (**nr. 18**). Hún er hlaðin á milli stórra

steina og eru veggir á köflum frekar heillegir. Nyrst í landi Hvamms var sel sem nú er horfið vegna vegagerðar en sunnar á svonefndu Holti eru tóftir býlisins *Fosskots*. Tóftirnar eru sex talsins (**nr. 21-26**), jarðsokknar og veggir flestir komnir í þúfur. Býlið er neðan eða vestan þjóðvegjar en ofan hans (austan) er stekkjartóft (**nr. 27**), varða (**nr. 29**) og kofi (**nr. 28**), hugsanlega smalakofi eða leikstaður barna. Stekkurinn eða réttin er grjóthlaðin og standa veggir á köflum vel, einkum undir urðinni sem þeir eru hlaðnir upp við. Kofatóftin og varðan eru einnig grjóthlaðin og standa ágætlega, ekki er ólíklegt að hvorutveggja hafi verið hlaðið af smala sem sat þarna yfir ám. Á engjunum sem er búið að framræsa að stórum hluta fundust tvennar heytóftir (**nr. 30-31**) á svonefndum Hólum, skammt vestan þeirra var vað á Vatnsdalsá sem nefnt var Bulluvað (**nr. 35**) og lá yfir í Helgavatnsland. Og enn sjást engjabrýr (**nr. 32-33**) og áveitugarður (**nr. 34**) í enginu neðan eða vestan bæjar.

### *Minjar í hættu*

Þó að engin merki fornleifa sjáist á yfirborði geta þær leynst neðanjarðar. Þar afleiðandi getur minjum gamla bæjarstæðisins, kirkju og kirkjugarðs á bæjarstæðinu í Hvammi stafað hætta af hverskonar raski sem þar verður. Ekki er talið að aðrar minjar í Hvammslandi séu í hættu nema að farið verði í framkvæmdir eða jarðrækt tengdri búskap. Þó ber að geta að minjum getur stafað hætta vegna skriðufalla.

### *Fornleifar í landi Hofs*

Alls voru skráðar 47 minjar upp úr heimildum og á vettvangi á Hofi. Þar af voru 40% minjanna horfnar eða óstaðsettar. Af heildarfjölda minja voru þó aðeins 7 þeirra sem að ekki var hægt að hnitsetja og voru þær allar horfnar af yfirborði. Búið er að rífa eða slétta yfir flestar minjar innan gamla heimatúnsins. Aðeins sást móta fyrir einni fjárhústóft (**nr. 8**) og við túnjaðar gamla túnsins er enn lind (**nr. 23**) sem nefnd var Paradís. Fornleifar utan túns hafa varðveist betur og beint upp af bænum er hóll sem nefnist Goðhóll, hann er friðlýstur. Að sögn á hofið sem bærinn er nefndur eftir að hafa staðið þar. Tvenn garðlög liggja á hólum, annað hefur legið umhverfis hann (**nr. 15**), að minnsta kosti að hluta en hitt er að líkindum leifar gamals túngarðs (**nr. 18**). Þegar grafið var í fyrrnefndan garð kom í ljós að hann var reistur eftir 1104 en undir honum voru eldri mannvistarleifar. Upp við túngarðinn (**nr. 18**) er garðlag sem afmarkar smá hól undir brekkunni, líklega einhverskonar gripheldi (**nr. 17**). Efst á hólum er jarðsokkin tóft (**nr. 20**) sem gæti verið gömul. Aðrar tóftir (**nr. 14,19,21**) á hólum eru yngri, útihús frá 18. eða 19. öld. Norðan við Goðhólinn á svonefndum Garðhól er garðlag að öllum líkindum leifar túngarðs (**nr. 22**) frá 19.-20. öld. Undir melnum norðan bæjar er matjurtagarður (**nr. 24**) í skógræktarreit sem þar er. Þar norðar eru melar og á þeim fundust steinlagnir (**nr. 26, 27, 29**) sem í útliti minna á heiðnar grafir án þess að hægt sé að fullyrða um hlutverk þeirra án frekari rannsókna. Þar er einnig lítil tóft (**nr. 28**) sem helst minnir á hey- eða mótóft. Úr tjörninni Pontu liggur handgrafinn skurður (**nr. 25**) í átt til Vatnsdalsár til vesturs. Stærri tjörn er nokkru norðar sem nefnd er Setukona, við norðurenda hennar eru tvennar tóftir og liggja þær við tjarnarbakkann. Önnur er líklega af beitarhúsum (**nr. 30**), tvískipt og sker sig lítt úr umhverfi. Hin gæti verið stekkjartóft (**nr. 31**) en veggir eru óljósir á köflum og lag tóftarinnar því einnig. Vestan við Setukonu er lágur hóll og á honum er hleðsla (**nr. 32**) sambærileg við þær sem skráðar eru (**nr. 26,27,29**). Á engjunum nyrst og vestast í landi Hofs voru áveitugarðar sem nú eru allir horfnir undir slétt tún. Þar nokkuð ofar, við brekkurætur austan þjóðvegjar eru tóftir býlisins Gróustaða. Nafn býlisins kemur fyrir í Landnámu og síðar í Vatnsdælu. Þar kemur fram að býlið hafi lent undir skriðu sem Gróa sú sem býlið er nefnt eftir setti sjálf af stað en hún var að sögn fjölkunnug. Síðar var byggt aftur upp á Gróustöðum og sjást töluverðar tóftaleifar (**nr. 33, 35, 36, 37**) þar og brot úr garðlagi (**nr. 34**) sem gæti verið af túngarði. Ein tóftanna (**nr. 38**) liggur nokkuð ofar í landinu en hinar virðist tilheyrja eldra tímabili. Gróin skriða er í

fjallinu ofan við tóftirnar og hafi verið það býli áður gæti það hafa farið undir hana. Í fjallinu ofan við bæinn í svonefndum Húsatóftarlaska eru tóftir beitarhúsa (**nr. 39**) sem byggð eru á eldri minjum (**nr. 40**). Þeirra er ekki getið í heimildum en vera kann að þarna hafi verið beitarhús áður.

### *Minjar í hættu*

Hof er skógræktarjörð og ábúendur þátttakendur í verkefninu Norðurlandsskógar. Öllum minjum innan skógræktarsvæðis stafar hættu vegna trjáræktar (Sjá minjar **nr. 26-32**) auk matjurtagarðs (**nr. 24**) sem liggur í trjálundi. Ekki er talið að aðrar minjar á Hofi séu í hættu nema farið verði í framkvæmdir.

### *Fornleifar í landi Saurbæjar*

Heildarfjöldi minja sem skráðar voru úr heimildum og á vettvangi í Saurbæ eru 33. Þar af er nokkuð stór hluti eða 66% þeirra horfinn af yfirborði eða óstaðsettur. Gamli bærinn (**nr. 1**) stóð nálega þar sem íbúðarhús og bílskúr eru í dag og er því horfinn að mestu undir byggingar en þó kemur enn grjót upp við jarðvinnslu við horn bílskúrsins. Brunnur (**nr. 16**) var heima við bæ og og sést hann enn nv af íbúðarhúsinu. Í túninu norðan við bæinn er dæld eftir útihús (**nr. 6**) sem þar stóð og við heimreiðina er tóft hænsnakofa (**nr. 7**). Töluverð trjárækt hefur verið í ofan við bæinn bæði norðan og sunnan heimreiðar. Á milli trjáanna í syðri reitnum eru tóftleifar hesthúss (**nr. 5**) að miklu leyti horfnar í gróður. Við vesturjaðar gamla túnsins stendur túngarðurinn (**nr. 9**) enn á köflum, norðan og sunnan bæjar en hluti hans hefur horfið við vegagerð ofan við bæinn. Við túngarðinn eru leifar réttar (**nr. 18**) samkvæmt heimildamanni en þær fundust ekki vegna mikils gróðurs. Það er frekar óvenjulegt að minjar varðveitist ekki betur utan túns en innan þess en á Saurbæ er aðeins ein tóft eða þúst (**nr. 15**) eftir utan túns og tveir smalakofar (**nr. 11 og 14**) eru vestar í landinu ofan svonefndra Brúna. Á Efribrún er heilleg varða (**nr. 10**) sem hlaðinn er upp á stórum steini. Aðrar minjar eru horfnar vegna túnasléttunar og framræslu. Þar á meðal minjar fornbylis sem ýmist er nefnt Brekka, Brekkukot eða Brekkulækur (**nr. 17**). Býlið stóð norður við lækinn, niður við Vatnsdalsá.

### *Minjar í hættu*

Saurbær er skógræktarjörð og eins á Hofi eru ábúendur þátttakendur í verkefninu Norðurlandsskógar. Þeim minjum (**nr. 15, 17**) sem eru innan skógræktarsvæða stafar hættu af trjárækt og ekki síst þar sem land er plægt eða flekkað. Þar að auki eru minjar (**nr. 5, 18, 9**) sem þegar eru í skógi í mikilli hættu. Minjum býlisins Brekkulækjar stafar hættu vegna trjáræktar, því þó þær séu horfnar af yfirborði geta þær enn legið neðanjarðar.

### *Fornleifar í landi Brúsastaða*

Fyrir Brúsastaðir voru alls 37 minjar skráðar úr heimildum og á vettvangi, þar af voru 86% horfnar eða óstaðsettar. Það er óvenju hátt hlutfall en skýrist af því að á undanförunum áratugum hefur stór hluti Brúsastaðalands verið lagður undir tún. Engin tóft fannst við skráninguna og eru einu manngerðu minjarnar sem eftir standa 2 vörður (**nr. 17 og 18**), önnur á merkjum Áss og Brúsastaða en hin í fjallinu ofan við bæinn. Þess ber þó að geta að ekki var gengið á eina vörðu sem er vestast í landareigninni og óvíst er hvort hún er enn standandi. Ofan við bæinn, sunnan bæjarlækjar er hóll sem nefndur er Brúsastaðahóll (**nr. 16**) suður undir honum var matjurtagarður (**nr. 7**) sem nú er horfinn auk þess sem hluti hólans er horfinn vegna vegagerðar. Engin mannvirki voru á hólnum en sú sögn fylgir honum að maður að nafni Brúsi hafi grafið gullið sitt í hólnum. Ekki mátti grafa í hólinn því þá átti kirkjan á

Undirfelli að brenna. Einn hóll er utan túns sunnan og austan við bæinn og nefnist hann Torfhóll (**nr. 12**), þar mun torf hafa verið þurrkað en engin mannvirki sjást á hólnum. Ullin var þvegin í Ullarlæk (**nr. 16**) suðvestur af bænum.

### **Minjar í hættu**

Minjar á Brúsastöðum eru ekki taldar í hættu.

### **Frekari rannsóknir**

Hvammur og Hof eru sögufrægar jarðir og höfðingjasetur frá fyrstu tíð Íslandsbyggðar. Saurbæjar og Brúsastaða er ekki getið í elstu heimildum en koma báðar fyrir í heimildum frá 14. öld og því er ekki ólíklegt að þær hafi byggst fljótlega eftir landnám. Jarðirnar sem skráðar voru eru allar í Vatnsdal sem er söguvið Vatnsdælu, sögu Hofverja, en í henni koma fyrir margir sögufrægir staðir og má þar helstan nefna Hof, landnámsbæ Ingimundar gamla. Þegar hafa nokkrir þeirra staða verið rannsakaðir: Ljótunnarstaðir í Ásslandi, Jökulsstaðir, Hof, Nautabú og Faxabrandsstaðir (Sjá: Þór Hjaltalín, 2006). Þegar hafa verið sett upp upplýsingaskilti við fjölda sögustaða í Vatnsdal og fleiri eru fyrirhuguð og jafnframt hafa verið gerð gönguleiða- og sögukort af svæðinu. Með heildarskráningu fornleifa og frekari fornleifarannsóknum í Vatnsdal væri hægt að fá fyllri mynd af þeim fornleifum sem á svæðinu er að finna og búsetusögu þess.

### **Hof**

Á Hofi var hreinsað snið í garðlagi, sem liggur á svonefndum Goðhól þar sem talið hefur verið að Ingimundur hafi reist hof það sem nefnt er í Vatnsdælu. Minjar á hólnum eru friðaðar. Í torfinu fannst aska frá 1104 og frá árinu 1000 og er því ljóst að veggurinn var byggður eftir 1104. Undir garðinum voru mannvistarlög sem í voru bein og kol. Rannsóknir á Goðhóli gætu gefið frekari upplýsingar um aldur minja þar og jafnvel hlutverk þeirra. Við framkvæmdir á Hofi 2009 kom í ljós kirkjugarður frá því fyrir 1104, heildarrannsókn á garðinum væri áhugaverð til samanburðarrannsókna þar sem fáir slíkir hafa verið grafnir upp á landinu. Aldursgreining minja á Gróustöðum og rannsókn á hugsanlegum heiðnum gröfum á melunum norðan Hofs myndu gefa fyllri mynd af búsetusögu jarðarinnar.

### **Hvammur**

Með könnunarskurðum eða borkjörnum mætti aldursgreina leifar tveggja fornþýla, Eilífsstaða og Fosskots sem liggja í Hvammslandi.

## Niðurlag

Með skráningu ofangreindra jarða er lokið einum áfanga í heildarskráningu Húnavatnshrepps. Með heildarskráningu hreppsins gefst kostur á að meta heildstætt minjar og minjagildi sem er undirstaða allrar minjavörslu.

Það sem helst er talið hafa áhrif á varðveislu þeirra minja sem skráðar voru í þessum áfanga eru skógrækt á jörðunum Hofi og Saurbæ. Auk framkvæmda eða jarðræktar tengdri búskap á jörðunum.

Á undanförunum áratugum hafa margar minjar horfið við túnrækt og aðrar verklegar framkvæmdir og á það einkum við um þær minjar sem eru í eða við heimatún eða í eða innan þéttbýliskjarna. Við allar verklegar framkvæmdir skal sýna sérstaka aðgát því að minjar geta leynst neðanjarðar þótt þær sjáist ekki á yfirborði. Allar verklegar framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva þær og tilkynna fundinn til Fornleifarverndar ríkisins.

## Heimildaskrá

Ágúst Georgsson (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík, Þjóðminjasafn Íslands.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn I 834-1264*. Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn, 1857-76.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn II 1253-1350*. Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn, 1893.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn III 1262-1415*. Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn, 1896.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn IV 1262-1449*. Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn, 1897.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn IX 1262-1536*. Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík, 1909-1913.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn V 1330-1476*. Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn og Reykjavík, 1899-1902.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn VI 1245-1491*. Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík, 1900-1904.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn VIII 1906-1913*. Hið íslenska bókmenntafélag: Reykjavík, 1906-1913.

*Húnaþing II*, 1978. Ritnefnd: Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson. Akureyri, Búnaðarsamband Austur- Húnavetninga o.fl.

*Húnaþing III*, 1989. Ritnefnd: Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson. Akureyri, Búnaðarsamband Austur- Húnavetninga o.fl.

*Íslendinga sögur, I. bindi. Landssaga og landnám*, 1946. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík, Íslendingasagnaútgáfan.

*Íslendinga sögur, VII. bindi. Vatnsdæla saga*, 1946. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík, Íslendingasagnaútgáfan.

J. Johnsen, 1847. *Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartöflum 1833-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VIII*, 1926. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn. Kaupmannahöfn.

